

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2024/EES/32/01	Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	1
2024/EES/32/02	Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	2
2024/EES/32/03	Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	3
2024/EES/32/04	Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	4
2024/EES/32/05	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA Nr. 081/23/COL frá 31. maí 2023 um breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar með því að fella inn nýjar endurskoðaðar leiðbeiningar um hlutverk dómstóla aðildarríkjanna í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna	5
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2024/EES/32/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11476 – NIPPON STEEL/ UNITED STATES STEEL) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	36

2024/EES/32/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11478 – GUNVOR/EVE/BBE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	37
2024/EES/32/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11492 – BAYWA/NUFRI/NUBA BERRIES JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	38
2024/EES/32/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11508 – ARAMCO DIGITAL/ LTIMINDTREE/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	39
2024/EES/32/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11534 – STONEPEAK/ORSTED/ OONA ENERGY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	40
2024/EES/32/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10783 – EQT FUTURE/AM FRESH/SNFL/IFG)	41
2024/EES/32/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11233 – OMERS/ABP/KENTER)	41
2024/EES/32/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11392 – GLENCORE/TECK (COAL ASSETS))	42
2024/EES/32/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11426 – PLATINUM EQUITY/KOHLER ENERGY)	42
2024/EES/32/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11443 – ADNOC/FERTIGLOBE)	43
2024/EES/32/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11446 – TÖNNIES HOLDING/CERTAIN VION BUSINESSES)	43
2024/EES/32/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11459 – CINVEN/BARENTZ)	44
2024/EES/32/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11465 – SILVER LAKE/AUSTRALIANSUPER/DIGITALBRIDGE/ VANTAGE EMEA)	44
2024/EES/32/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11466 – TA ASSOCIATES/SSCP/MACQUARIE/BYGGFAKTA GROUP)	45
2024/EES/32/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11497 – CIP/MIESCOR/PHPL/PHC)	45
2024/EES/32/21	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	46

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um flugrekstur í Bandalaginu

2024/EES/32/01

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Ísland
Leiðir sem um ræðir	Flugleiðir: 1. Reykjavík – Vestmannaeyjar – Reykjavík Fimm mánaða tímabil nóvember til loka mars.
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	1. nóvember 2024
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða breyttar almannaþjónustukvaðir	Vegagerðin Suðurhrauni 3 210 Garðabæ ÍSLAND Tengiliður: Gísli Gíslason, gigi@vegagerdin.is , sími +354 860 5656. https://tendsign.is/ 24-040: Áætlunarflug á Íslandi - Sérleyfi fyrir Vegagerðina. Reykjavík – Vestmannaeyjar - Reykjavík 2024-2027. 24-040: Sérleyfi fyrir flugleiðir fyrir Vegagerðina. Reykjavík – Vestmannaeyjar - Reykjavík 2024-2027.

**Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um
sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu**

2024/EES/32/02**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Ísland
Leiðir sem um ræðir	Flugleiðir: 1. Reykjavík – Húsavík – Reykjavík Fimm mánaða tímabil nóvember til loka mars.
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	1. nóvember 2024
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða breyttar almannaþjónustukvaðir	Vegagerðin Suðurhrauni 3 210 Garðabæ ÍSLAND Tengiliður: Gisli Gíslason, gigi@vegagerdin.is , sími +354 860 5656. https://tendsign.is/ • 24-041: Áætlunarflug á Íslandi - Sérleyfi fyrir Vegagerðina. Reykjavík – Húsavík - Reykjavík 2024-2027. • 24-041: Sérleyfi fyrir flugleiðir fyrir Vegagerðina. Reykjavík – Húsavík - Reykjavík 2024-2027.

Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um
sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu

2024/EES/32/03

Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir

Aðildarríki	Ísland
Leiðir sem um ræðir	Flugleiðir: 1. Reykjavík – Vestmannaeyjar – Reykjavík
Gildistími samnings	Tímabilið frá 1. nóvember - 31. mars á ári hverju. Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2024 til 31. mars 2027 með möguleika á framlengingu um tvö ár.
Frestur til að skila tilboðum	Tveir mánuðir frá því að auglýsing þessi birtist
Unnt er að nálgast texta útbodsauglýsingarinnar endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útbodið og hina breyttu almannaðjónustukvöð	Vegagerðin Suðurhrauni 3 210 Garðabæ ÍSLAND Tengiliður: Gísli Gíslason, gigi@vegagerdin.is , sími +354 860 5656. https://tendsign.is/ • 24-040: Áætlunarflug á Íslandi - Sérleyfi fyrir Vegagerðina. Reykjavík – Vestmannaeyjar - Reykjavík 2024-2027. • 24-040: Sérleyfi fyrir flugleiðir fyrir Vegagerðina. Reykjavík – Vestmannaeyjar -Reykjavík 2024-2027.

**Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar
reglur um flugrekstur í Bandalaginu**

2024/EES/32/04

Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Ísland
Leiðir sem um ræðir	Flugleiðir: 1. Reykjavík – Húsavík – Reykjavík
Gildistími samnings	Tímabilið frá 1. nóvember - 31. mars á ári hverju. Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2024 til 31. mars 2027 með möguleika á framlengingu um tvö ár.
Frestur til að skila tilboðum	Tveir mánuðir frá því að auglýsing þessi birtist
Unnt er að nálgast texta útbodsauglýsingarinnar endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útbodið og hina breyttu almannajónustukvöð	Vegagerðin Suðurhrauni 3 210 Garðabæ ÍSLAND Tengiliður: Gísli Gíslason, gigi@vegagerdin.is , sími +354 860 5656. https://tendsign.is/ • 24-041: Áætlunarflug á Íslandi - Sérleyfi fyrir Vegagerðina. Reykjavík – Húsavík - Reykjavík 2024-2027. • 24-041: Sérleyfi fyrir flugleiðir fyrir Vegagerðina. Reykjavík – Húsavík -Reykjavík 2024-2027.

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2024/EES/32/05

Nr. 081/23/COL frá 31. maí 2023

um breytingu á málsmæðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar með því að fella inn nýjar endurskoðaðar leiðbeiningar um hlutverk dómstóla aðildarríkjanna í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna

Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) hefur

með vísan til:

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 61. til 63. gr. og bókunar 26,

samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr. og b-liðar 2. mgr. 5. gr.,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skv. 24. gr. samnings um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber ESA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber ESA að gefa út auglýsingar eða leiðbeinandi reglur um málefni á sviði EES-samningsins ef samningurinn eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveður skýrt á um það, eða ESA álitur það nauðsynlegt.

Hinn 10. júní 2009 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun nr. 254/09/COL um innleiðingu leiðbeinandi reglna um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð („leiðbeinandi reglur ESA um framfylgd“) ⁽¹⁾.

Þessar leiðbeiningar samsvara tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar ESB um ríkisaðstoð (tilkynning um framfylgd“) ⁽²⁾.

Hinn 23. júlí 2021 samþykkti framkvæmdastjórnin endurskoðaða tilkynningu um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar ESB um ríkisaðstoð („endurskoðuð tilkynning um framfylgd“) ⁽³⁾.

Breytingarnar sem framkvæmdastjórnin gerði á endurskoðuðu tilkynningunni um framfylgd varða einnig Evrópska efnahagssvæðið („EES“).

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við markmið um einsleitni í 1. gr. EES-samningsins.

Rétt er að breyta leiðbeinandi reglum ESA um framfylgd í samræmi við endurskoðaða tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um framfylgd.

Endurskoðuðu leiðbeinandi reglurnar um framfylgd (skjal nr. 1251068) veita landsdómstólum og öðrum hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar og leiðsögn um framfylgd ríkisaðstoðarreglna í landsrétti. Endurskoðuðu leiðbeinandi reglurnar taka einnig mið af nýlegri framvindu í EES dómaframkvæmd.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ á bls. 11 í XV. viðauka við EES-samninginn ber ESA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að samþykkja lagagerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Samráð hefur verið haft við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-ríkin,

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

⁽¹⁾ Birt í Stjórnartíðindum ESB L, 5. maí 2011, bls.13. (Stjtið. ESB L 115, 5.5.2011, bls. 13).

⁽²⁾ Birt í Stjórnartíðindum ESB C, 9. apríl 2009, bls.1. (Stjtið. ESB C 85, 9.4.2009, bls. 1).

⁽³⁾ Birt í Stjórnartíðindum ESB C, 30. júlí 2021, bls.1 -28. (Stjtið. ESB C 305, 30.7.2021, bls. 1–28).

1. gr.

Málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar skal breytt með því að fella inn endurskoðaðar leiðbeinandi reglur um hlutverk dómstóla aðildarríkjanna í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna. Endurskoðuðu leiðbeinandi reglurnar fylgja í viðauka við þessa ákvörðun og eru óaðskiljanlegur hluti hennar.

2. gr.

Endurskoðuðu leiðbeinandi reglurnar um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna koma í stað leiðbeinandi reglna ESA um framfylgd frá 2009.

3. gr.

Endurskoðuðu leiðbeinandi reglurnar um framfylgd munu taka gildi frá 1. júní 2023.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Arne Røksund
forseti
stjórnarmaður sem fer með
málaflokkinn

Árni Páll Árnason
stjórnarmaður

Stefan Barriga
stjórnarmaður

Melpo-Menie Joséphidès
meðáritar sem deildarstjóri
lagaskrifstofu

VIÐAUKI: Endurskoðaðar leiðbeinandi reglur um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna (skjal nr. 1251068).

**Leiðbeinandi reglur um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd
ríkisaðstoðarreglna (*)**

1.	INNGANGUR	9
1.1.	Framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð	10
1.2.	Biðstöðuskyldan	11
2.	ALMENNAR REGLUR UM FRAMFYLGD RÍKISAÐSTOÐARREGLNA	13
2.1.	Meginreglan um samstarf af heilindum	13
2.2.	Samspil jafngildisreglunnar og skilvirknireglunnar og réttarfarsreglna landsréttar	13
2.2.1.	Aðild að máli	14
2.2.2.	Lögsaga	15
2.2.3.	Meginreglan um bindandi áhrif dómsúrlausnar (<i>res judicata</i>)	15
3.	HLUTVERK ESA	16
3.1.	Einkavaldheimildir ESA	16
3.2.	Valdheimildir ESA til að framfylgja ríkisaðstoðarreglum	17
4.	HLUTVERK LANDSDÓMSTÓLA	18
4.1.	Afmörkun valdsviðs landsdómstóla við beitingu ríkisaðstoðarreglna	19
4.1.1.	ESA hefur tekið ákvörðun	19
4.1.1.1.	ESA hefur tekið ákvörðun þar sem aðstoð er talin samrýmanleg EES-samningnum	19
4.1.1.2.	ESA hefur tekið ákvörðun um að hefja formlega rannsókn	20
4.2.	Valdsvið landsdómstóla	21
4.2.1.	Mat á því hvort um er að ræða aðstoð	21
4.2.2.	Mat á því hvort um sé að ræða brot gegn biðstöðuskyldunni	21
4.2.2.1.	Beiting skilyrða reglna um hópundanþágu	22
4.2.2.2.	Yfirstandandi aðstoð	22
4.2.3.	Vernd réttinda einstaklinga sem standa frammi fyrir broti gegn biðstöðuskyldunni	23
4.2.3.1.	Frestun eða stöðvun á framkvæmd ráðstöfunarinnar	24
4.2.3.2.	Endurheimta	24
4.2.3.3.	Bráðabirgðaráðstafanir	25
4.2.3.4.	Mál til heimtu skaðabóta	26
5.	SAMSTARF MILLI ESA OG LANDSDÓMSTÓLA	29
5.1.	Aðstoð ESA við landsdómstóla	29
5.1.1.	Leiðir til samstarfs	30
5.1.1.1.	Afhending upplýsinga til landsdómstóla	30
5.1.1.2.	Afhending álita um beitingu ríkisaðstoðarreglna	31

(*) Þessar leiðbeinandi reglur samsvara auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk dómstóla aðildarríkjana í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna ESB (Stjóð. ESB C 305, 30.7.2021, bls. 1-28). Hluti textans hefur þó verið felldur brott, samanbórið við auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar. Meðal annars hefur verið felldur brott texti sem vísar til lagagerninga og ákvæða sem ekki eru hluti af EES-samningnum, eða eiga sér ekki samsvörun í samningnum, og texti þar sem ekki er ljóst á þessu stigi hver áhrif þeirra lagagerninga sem vísað er til verða í tengslum við EES-samninginn. Í stað texta sem hefur verið felldur brott kemur [...] til auðkenningar.

5.1.1.3	Framlagning skriflegra athugasemda	32
5.2.	Aðstoð landsdómstóla við ESA	33
6.	AFLEIÐINGAR ÞESS AÐ RÍKISADSTOÐARREGLUM OG -ÁKVÖRDUNUM ER EKKI FRAMFYLGT	34
6.1.	Málsmeðferð fyrir ESA varðandi ólögmeta aðstoð	35
6.2.	Samningsbrotamál.....	35
7.	LOKAÁKVÆÐI	35

1. INNGANGUR

- (1) Framkvæmdastjórnin hefur frá 2012 fylgt stefnu um nútímavæðingu ríkisaðstoðarreglna og framkvæmdar á því sviði ⁽¹⁾. Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt löggjafarpakka, leiðbeiningar og auglýsingar um mat á ríkisaðstoðarráðstöfunum samkvæmt þeirri stefnu. Hefur ESA þannig getað, í samræmi við þessar heildarráðstafanir, beint fyrirframathugunum að málum sem hafa mest áhrif á framkvæmd EES-samningsins, og byggt upp á sama tíma nánara samstarf við EES-EFTA-ríkin við framfylgd á sviði ríkisaðstoðar. Í þeim tilgangi hafa möguleikar EES-ríkjanna á því að veita aðstoð án fyrirframathugunar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða ESA verið auknir með því að veita viðbótarundanþágur frá þeirri skyldu að tilkynna allar fyrirhugaðar ríkisaðstoðarráðstafanir. Fyrir vikið hefur umfang þeirrar aðstoðar sem veitt er á grundvelli hópundanþágu aukist ⁽²⁾. Hlutverk landsdómstólanna í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna hefur orðið enn þýðingarmeira í þessu samhengi.
- (2) Framkvæmdastjórnin birti árið 2019 úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum 28 ⁽³⁾ („úttektin á framfylgd aðildarríkjanna“) ⁽⁴⁾. Í úttektinni á framfylgd aðildarríkjanna var farið yfir 750 úrlausnir dómstóla aðildarríkjanna sem skiptust í tvo flokka: 1) mál þar sem dómstólar aðildarríkjanna koma að því að leysa úr afleiðingum af ólögumætri framkvæmd ríkisaðstoðar („framfylgd einkaaðila“) og 2) mál þar sem dómstólar aðildarríkjanna koma að framfylgd ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um endurheimtu ríkisaðstoðar („framfylgd opinberra aðila“).
- (3) Úttektin á framfylgd aðildarríkjanna leiddi í ljós að fjöldi ríkisaðstoðarmála sem komu fyrir dómstóla aðildarríkjanna jókst milli 2007 og 2017. Þrátt fyrir þessa fjölgun hafa dómstólar aðildarríkjanna sjaldan mælt fyrir um úrbætur og skaðabótakröfur eru gerðar í miklum minnihluta mála. Auk þess hafa samstarfsleiðir framkvæmdastjórnarinnar og dómstóla aðildarríkjanna, sem teknar voru upp árið 2009 samkvæmt auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk dómstóla aðildarríkjanna í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð („auglýsingin frá 2009 um hlutverk dómstóla aðildarríkjanna“) ⁽⁵⁾, og árið 2015 með reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 („málsmeðferðarreglugerðin“) ⁽⁶⁾, ekki verið nýttar í miklum mæli.
- (3a) ESA birti úttekt árið 2019 á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum landsdómstóla í EES-EFTA-ríkjunum þremur („úttektin á framfylgd EES-EFTA-ríkjanna“) ^(*). Í úttektinni á framfylgd EES-EFTA-ríkjanna voru tilgreind 45 mál og var þýðing þeirra mismunandi. Úttektin á framfylgd EES-EFTA-ríkjanna leiddi í ljós að frekar fá mál af hálfu einkaaðila hafa verið rekin fyrir dómstólum í hverju EES-EFTA-ríki frá gildistöku EES-samningsins. Af þeim 45 dómsúrskurðum sem voru til skoðunar var um að ræða sex dómsmál einkaaðila vegna biðstöðuskyldu og tvö mál snerust um endurheimtu ólögumætrar ríkisaðstoðar á grundvelli neikvæðrar ákvörðunar þar sem ESA gaf fyrirmæli um endurheimtu. Landsdómstóllinn hafði ekki frumkvæði í neinu þessara mála að samstarfsferlinu samkvæmt leiðbeinandi reglum ESA um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd á reglum um ríkisaðstoð ^(*).

⁽¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar – „EU State Aid Modernisation (SAM)“, COM/2012/0209 lokaútgáfa.

⁽²⁾ [...]. Árið 2019 féllu yfir 86% virkra ríkisaðstoðarráðstafana í ESB undir reglur um hópundanþágu. Sjá http://ec.europa.eu/competition/state_aid/scoreboard/index_en.html. Samsvarandi hlutfall í EES-EFTA-ríkjunum var 67%. Nánari upplýsingar er að finna hér: <https://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-scoreboards>.

⁽³⁾ Úttektin á framfylgd aðildarríkjanna var gerð áður en samningurinn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu var undirritaður (24. janúar 2020) og áður en hann tók gildi (1. febrúar 2020). Þar sem vísað er til aðildarríkjanna í úttektinni á framfylgd aðildarríkjanna er ætlunin að vísa jafnframt til Bretlands.

⁽⁴⁾ Sjá skýrsluna „Endanleg úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019.

⁽⁵⁾ Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk dómstóla aðildarríkjanna í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð (Stjtið. ESB C 85, 9.4.2009, bls. 1).

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (kerfisbinding) (Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9) (Texti sem varðar EES). Reglugerðin hefur sem komið er ekki verið tekin upp í EES-samninginn.

^(*) Úttekt á beitingu dómstóla EES-EFTA-ríkjanna á ríkisaðstoðarreglum í málum af hálfu einkaaðila, birt 2019: <https://www.eftasurv.int/state-aid/private-enforcement>.

- (4) Þessar leiðbeinandi reglur veita landsdómstólum og öðrum hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um framfylgd ríkisaðstoðarreglna í landsrétti. Taka þær mið af þeim álitamálum sem dómstólarnir hafa fengist við, með skírskotun til úttektarinnar á framfylgd EES-EFTA-ríkjanna, eða í málum sem vísað hefur verið til forúrskurðar hjá Evrópudómstólnum, eða ráðgefandi álitum sem leitað hefur verið eftir frá EFTA-dómstólnum (**). Má nefna samræmi milli málsmeðferðarinnar hjá framkvæmdastjórninni og málsmeðferðar fyrir landsdómstólunum, eða álitamál vegna rangrar beitingar á reglum um hópundanþágu.
- (5) Þessum leiðbeinandi reglum er ætlað að vera dómstólum í EES-EFTA-ríkjunum, í skilningi 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“) (7), til leiðsagnar, og ýta undir nánara samstarf milli ESA og landsdómstólanna með því að kveða á um allar tiltækar leiðir til slíks samstarfs. Þær eru ekki bindandi gagnvart landsdómstólunum og hafa ekki áhrif á sjálfstæði þeirra (8). Aðaláhersla þessarar auglýsingar varðar framfylgd einkaaðila. Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg innri markaðinum (9) („auglýsing um endurheimtu“) fjallar um þá þætti sem varða framfylgd opinberra aðila.
- (6) Dómaframkvæmd Almenna dómstólsins, Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins (einu nafni „dómstólar EES“) hefur þróast frá því að leiðbeinandi reglur um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð frá 2009 voru samþykktar (*). Þessar leiðbeinandi reglur taka mið af þeirri þróun og koma í stað leiðbeinandi reglna um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð frá 2009.

1.1. Framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð

- (7) Ríkisaðstoð er lögfræðilegt hugtak skilgreint með beinum hætti í EES-samningnum, sem túlka ber út frá hluttrænum efnisþáttum (10). Skv. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er „hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki [...] eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu

(*) Stjtið. ESB L 115, 5.5. 2011, bls. 13 og EES-viðbætur nr. 25, 5.5.2011, bls. 1.

(**) Dómur EFTA-dómstólsins frá 15. desember 2016 í máli E-1/16 *Synnøve Finden AS* gegn *Staten v/Landbruks- og matdepartementet*, EFTA Ct. Rep. [2016] bls. 931, 47. til 48. mgr., og frá 14. júlí 2000 í máli E-1/00 *State Debt Management Agency* gegn *Íslandsbanka-FBA hf.*, EFTA Ct. Rep. [2000-2001] bls. 8, 37. mgr.

(7) Við ákvörðun á því hvort stofnun sé dómstóll eða réttur, að því er varðar 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól (ákvæðið samsvarar 267. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins), hefur EFTA-dómstóllinn ítrekað slegið því föstu að markmið 34. gr. útheimti ekki stranga túlkun á hugtakinu dómstóll eða réttur, sem er hugtak sem hefur sjálfstæða merkingu í EES-rétti (sjá dóm EFTA-dómstólsins frá 16. júlí 2020 í máli E-8/19 *Scanteam AS* gegn *Norska ríkinu*, sem biður birtingar, 41. mgr. og dóma sem vísað er til)[...].

(8) Jafnvel þótt þessum leiðbeinandi reglum sé ekki ætlað að hafa bindandi áhrif, ber landsdómstólunum hins vegar að hafa þær til hliðsjónar þegar leyst er úr ágreiningsmálum sem fyrir þá eru lögð. Sjá dóm Evrópudómstólsins frá 3. september 2014, *Baltlanta*, C-410/13, EU:C:2014:2134, 64. mgr., og dóm Evrópudómstólsins frá 13. desember 1989, *Grimaldi*, C-322/88, EU:C:1989:646, 18. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 13. febrúar 2014, *Mediaset*, C-69/13, EU:C:2014:71, 31. mgr.

(9) ESA samþykkir leiðbeinandi reglur um túlkun og beitingu ríkisaðstoðarreglna, annað hvort í formi EES-EFTA-útgáfu af viðkomandi gerningi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða með vísan til þess gernings. Evrópusambandið hefur samþykkt auglýsingu um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg innri markaðinum, Stjtið. ESB C 247, 23.7.2019, bls. 1, sem kom í stað auglýsingar um endurheimtu frá 2007, Stjtið. ESB C 272, 15.11.2007, bls. 4. Auglýsingin um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg innri markaðnum fylgir, að vissu marki, reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9, „málsmeðferðarreglugerðinni“, sem hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Því vísar ESA til núgildandi auglýsingar sinnar um endurheimtu frá 2008, sem er að finna hér, Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32.

(*) Sjá t.d. dóm EFTA-dómstólsins frá 15. desember 2016 í máli E-1/16 *Synnøve Finden AS* gegn *Staten v/Landbruks- og matdepartementet*, EFTA Ct. Rep. [2016] bls. 931, 47. til 48. mgr., og frá 14. júlí 2000 í máli E-1/00 *State Debt Management Agency* gegn *Íslandsbanka-FBA hf.*, EFTA Ct. Rep. [2000-2001] bls. 8, 37. mgr.

(10) Dómur Evrópudómstólsins frá 22. desember 2008, *British Aggregates* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-487/06 P, EU:C:2008:757, 111. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 16. maí 2000, *France* gegn *Ladbroke Racing* og *framkvæmdastjórninni*, C-83/98 P, EU:C:2000:248, 25. mgr.

ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila“. ESA hefur veitt leiðbeiningar um túlkun hugtaksins ríkisaðstoð ⁽¹¹⁾.

- (8) Hið almenna bann við ríkisaðstoð hvílir á tvíþættu kerfi sem felst í eftirliti fyrirfram (*ex ante*) og eftir á (*ex post*) með íhlutunum sem fela í sér ríkisaðstoð. Skv. 62. gr. EES-samningsins ber ESA að fylgjast stöðugt með öllum yfirstandandi ríkisaðstoðarkerfum og leggja mat á allar áætlanir EES-EFTA-ríkis um að veita nýja aðstoð eða breyta yfirstandandi aðstoð. Svo ESA geti sinnt þessum athugunum á skilvirkan hátt verða EES-EFTA-ríkin að hafa samstarf með því að veita allar viðeigandi upplýsingar og með því að tilkynna ríkisaðstoðarráðstafanir.
- (9) EES-EFTA-ríkjunum er skylt, í fyrsta lagi, að tilkynna ESA um allar ráðstafanir sem ætlað er að veita nýja aðstoð eða breyta yfirstandandi aðstoð og, í öðru lagi, að framkvæma ekki slíka ráðstöfun fyrir en ESA hefur lagt mat á hvort hún samrýmist framkvæmd EES-samningsins („biðstöðuskylda“) ⁽¹²⁾. Biðstöðuskyldan leiðir af 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókun 3“) og veitir einstaklingum réttindi sem þeir geta byggt á fyrir landsdómstólum ⁽¹³⁾.
- (9a) Hvað EES-EFTA-ríkin varðar gildir bókun 35 við EES-samninginn („bókun 35 EES“) um innleiðingu EES-reglna, en samkvæmt henni verða EES-EFTA-ríkin að tryggja að ef innleiddar EES-reglur stangast á við sett lög skuli innleiddar EES-reglur gilda. Einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri verða á landsvettvangi að geta skírskotað til og krafist réttinda sem leiðir af ákvæðum EES-samningsins, sem hafa verið tekin upp í landsrétt, ef slík ákvæði eru óskilyrt og nægilega skýr, (*) eins og t.d. biðstöðuskyldu.
- (10) Af þessu leiðir að framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð, þar sem 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 er grundvallarþáttur, er bæði í höndum ESA og landsdómstólanna, sem hafa aðskilin hlutverk en eru samt hluti af sömu heild. Það er einungis á valdsviði ESA að leggja mat á það hvort ríkisaðstoðarráðstafanir samrýmist framkvæmd EES-samningsins, en síðan er það landsdómstólanna að standa vörð um réttindi einstaklinga sem standa frammi fyrir hugsanlegu broti gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 ⁽¹⁴⁾.

1.2. Biðstöðuskyldan

- (11) Virkni 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 hefur þá þýðingu að landsdómstólar verða að gera allar viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við viðkomandi landslög, til þess að leysa úr afleiðingum brots gegn ákvæðinu ⁽¹⁵⁾.

⁽¹¹⁾ Sjá t.d. leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð sem vísað er til í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins (Stjtið. ESB L 342, 21.12.2017, bls. 35-84, og EES-viðbætur nr. 82, 21.12.2017, bls. 1.); beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi fyrir þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 12, og EES-viðbætur nr. 34, 13.6.2013, bls. 1)); leiðbeinandi reglur um ríkisábyrgð (Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1)); leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til rannsóknna, þróunar og nýsköpunar (Stjtið. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 17 og EES-viðbætur nr. 44, 6.8.2015, bls. 1).

⁽¹²⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 14. nóvember 2019, *Dilly's Wellnesshotel*, C-585/17, EU:C:2019:969, 54. mgr.

⁽¹³⁾ Biðstöðuskyldan sem leiðir af 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem endurspeglast í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3, hefur bein réttaráhrif í aðildarríkjum ESB. Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 88. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 3. mars 2020, *Vodafone Magyarorszá*, C-75/18, EU:C:2020:139, 22. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 29. mgr.

(*) Dómur í málum E-1/94 *Restamark* [1994-1995] EFTA Ct. Rep. 15, 77. mgr., E-2/12 *HOB-vín ehf. gegn Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins* [2012] EFTA Ct. Rep. 1092, 122. mgr., og E-6/17 *Fjarfskipti hf. gegn Símanum hf.* [2018] EFTA Ct. Rep. 78, 27. og 28. mgr.

⁽¹⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. október 2006, *Transalpine Ölleitung in Österreich*, C-368/04, EU:C:2006:644, 38. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. mars 2010, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-1/09, EU:C:2010:136, 26. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. nóvember 2015, *Klausner Holz Niedersachsen*, C-505/14, EU:C:2015:742, 21. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 3. mars 2020, *Vodafone Magyarorszá*, C-75/18, EU:C:2020:139, 21. mgr.

⁽¹⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, ECLI:EU:C:2019:172, 88. til 89. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 3. mars 2020, *Vodafone Magyarorszá*, C-75/18, ECLI:EU:C:2020:139, 22. til 23. mgr. Dómur EFTA-dómstólsins frá 15. desember 2016 í máli E-1/16 *Synnøve Finden AS gegn Staten v/ Landbruks- og matdepartementet*, EFTA Ct. Rep. [2016] bls. 931, 48. mgr.

- (12) Biðstöðuskyldan skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 verður virk gagnvart ráðstöfun ef tvö skilyrði eru uppfyllt: í fyrsta lagi þarf ráðstöfunin að teljast ný aðstoð, þ.m.t. breytingar á yfirstandandi aðstoð⁽¹⁶⁾, og, í öðru lagi, þarf ráðstöfunin að vera tilkynningarskyld fyrirfram skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.
- (13) Því geta EES-EFTA-ríkin veitt aðstoð án þess að tilkynna hana fyrirfram til ESA ef ráðstöfunin sem um ræðir telst ekki ný aðstoð. Enn fremur geta EES-EFTA-ríkin framkvæmt aðstoðar-ráðstafanir sem uppfylla öll skilyrðin fyrir undanþágu frá tilkynningarskyldunni.
- (14) Með reglum um minniháttaraðstoð⁽¹⁷⁾ eru sett skilyrði sem þarf að uppfylla svo aðstoð teljist ekki hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna og raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni.⁽¹⁸⁾ Ef aðstoð uppfyllir öll viðeigandi skilyrði sem reglur um minniháttaraðstoð kveða á um er viðkomandi EES-EFTA-ríki undanþegið skyldunni til þess að tilkynna ESA um ráðstöfunina.
- (15) Reglur um hópundanþágu – s.s. reglugerðin um almenna hópundanþágu⁽¹⁹⁾ – kveða á um skilyrði sem ríkisaðstoðarráðstafanir þurfa að uppfylla svo þær teljist samrýmast framkvæmd EES-samningsins skv. 2. eða 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins⁽²⁰⁾. Ef aðstoð uppfyllir öll viðeigandi skilyrði sem þessar reglur um minniháttaraðstoð kveða á um er viðkomandi EES-EFTA-ríki undanþegið skyldu sinni til þess að tilkynna ESA um ráðstöfunina.
- (16) Enn fremur eru sett skilyrði með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB⁽²¹⁾, að því er varðar ríkisaðstoð vegna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, og reglugerð

⁽¹⁶⁾ Samkvæmt c-lið 1. gr. II. hluta bókunar 3 er „ný aðstoð“ skilgreind sem „öll aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð, sem er ekki yfirstandandi aðstoð, þar með taldar breytingar á yfirstandandi aðstoð“. Þar sem ákvæðið er rúmt getur það ekki aðeins gilt um breytinguna sjálfa heldur einnig þá aðstoð sem breytingin varðar. Auk þess telst „yfirstandandi aðstoð“ skv. ii-lið b-liðar 1. gr. II. hluta bókunar 3 m.a. „heimiluð aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur heimilað, eða sem EFTA-ríkin hafa heimilað með samkomulagi eins og mælt er fyrir um í 3. undirgrein 2. mgr. 1. gr. í I. hluta“. Því getur aðstoð, sem heimiluð var með ákvörðun, og sem fellur ekki lengur undir ákvörðunina sem heimilaði hana vegna breytinga sem ekki uppfylltu skilyrði sem sú ákvörðun mælti fyrir um í þeim tilgangi að tryggja að hún samrýmdist innri markaðinum, talist ný aðstoð. Sjá dóm Evrópudómstólsins frá 25. október 2017, C-467/15 P, *framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu*, EU:C:2017:799, 46. og 47. mgr. Sjá einnig undirkafla 4.2.2.2. í þessum leiðbeinandi reglum.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð (Stjtið. L 352, 24.12. 2013, bls. 1). Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn í lið 1ea XV. viðauka samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2014 frá 16. maí 2014 (Stjtið. ESB L 310, 30.10.2014, bls. 65–66 og EES-viðbætur nr. 63, 30.10.2014, bls. 56); reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtekjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 8). Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn í lið 1ha í XV. viðauka samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2012 frá 7. desember 2012 (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2013, bls. 27 og EES-viðbætur nr. 18, 21.3.2013, bls. 32).

⁽¹⁸⁾ Slíkar reglugerðir eru samþykktar á grundvelli heimildar í reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar (Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1). Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn í lið 1j í XV. viðauka samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2014 frá 27. júní 2014 (Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 63 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 61).

⁽²⁰⁾ Skv. 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins getur Evrópusambandið samþykkt reglur um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og ákvarðað aðstoðarflokka sem eru undanþegnir tilkynningarskyldunni. Eins og kveðið er á um í 4. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins getur framkvæmdastjórnin síðan samþykkt reglur í tengslum við þá flokka ríkisaðstoðar sem ráð Evrópusambandsins hefur ákveðið skv. 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

⁽²¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (tilkynnt með skjali C(2011) 9380) (Stjtið. ESB L 7, 11.1.2012, bls. 3). Ákvörðunin var tekin upp í EES-samninginn í lið 1h í XV. viðauka samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2012 frá 30. mars 2012 (Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 46 og EES-viðbætur nr. 43, 2.8.2012, bls. 56).

Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007⁽²²⁾, einkum hvað varðar almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum, en samkvæmt þeim eru greiðslur vegna almannaþjónustukvaða taldar samrýmast innri markaðinum skv. 2. mgr. 106. gr. (*) og 93. gr. (**) sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einnig falla ráðstafanirnar sem um ræðir í þessum málum ekki undir biðstöðuskulduna.

2. ALMENNAR REGLUR UM FRAMFYLGD RÍKISADSTOÐARREGLNA

2.1. Meginreglan um samstarf af heilindum

- (17) Með ákvæði 3. gr. EES-samningsins, sem á sér fyrirmynd í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið⁽²³⁾, er þess krafist að samningsaðilarnir skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að staðið sé við skuldbindingar sem leiðir af EES-samningnum og auðvelda samvinnu innan ramma samningsins. Ákvæðið hefur að geyma meginregluna um samstarf af heilindum og samkvæmt henni ber ESA og EES-EFTA-ríkjunum, innan lögsögu hvers um sig, að veita gagnkvæma aðstoð við framkvæmd þessara verkefna. Skv. 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber EFTA-ríkjunum að gera allar viðeigandi ráðstafanir, almennar eða sérstakar, til þess að tryggja að staðið sé við skuldbindingar sem leiðir af samningnum. Enn fremur skulu EFTA-ríkin láta hjá líða að gera ráðstafanir sem geta stofnað markmiðum EES-samningsins og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól í hættu.
- (18) Skyldan um gagnkvæma aðstoð sem leiðir af 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól nær einnig til landsdómstólanna⁽²⁴⁾. Þýðir þetta að ESA aðstoðar landsdómstólana þegar þeir beita reglum EES-réttar⁽²⁵⁾, og öfugt, að landsdómstólar aðstoða ESA við að rækja hlutverk sitt. Því þurfa landsdómstólar að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þeir uppfylli þær skyldur sínar sem leiðir af EES-samningnum og láta hjá líða að taka ákvarðanir sem kunna að stofna markmiðum EES-samningsins í hættu⁽²⁶⁾.

2.2. Samspil jafngildisreglunnar og skilvirknireglunnar og réttarfarsreglna landsréttar

- (19) Evrópudómstóllinn hefur staðfestlega viðurkennt meginregluna um réttarfarslegt sjálfsforræði við framfylgd ríkisaðstoðarreglna⁽²⁷⁾. Samkvæmt þessari meginreglu er EES-EFTA-ríkjunum frjálst, ef ekki er regla í EES-rétti sem gildir um efnið, að haga því hvernig þau uppfylla skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum, að því tilskildu að þær leiðir sem þau velja hafi ekki neikvæð áhrif á gildissvið og skilvirkni EES-réttar.
- (20) Samkvæmt dómaframkvæmd dómstóla EES mega kröfur til málsmeðferðar þegar reynir á 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 ekki vera óhagfelldari en þær kröfur til málsmeðferðar sem gilda þegar reynir á reglu í landsrétti („jafngildisreglan“) og einnig mega réttarfarsreglur

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum (Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1). Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn í lið 4a í XIII. viðauka samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2008 frá 4. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 64, 23.10.2008, bls. 13).

(*) Ákvæði 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins samsvarar 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

(**) Ákvæði 93. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins samsvarar 49. gr. EES-samningsins.

⁽²³⁾ Stjtið. ESB C 202, 7.6.2016, bls. 13.

⁽²⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 22. október 2002, *Roquette Frères*, C-94/00, EU:C:2002:603, 31. mgr., og dómur EFTA-dómstólsins frá 28. september 2012 í máli E-18/11 *Irish Bank Resolution Corporation Ltd* gegn *Kaupþingi hf.*, EFTA Ct. Rep. [2012] bls. 592, 58. og 123. mgr.

⁽²⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 50. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 28. febrúar 1991, *Delimitis* gegn *Henninger Bräu*, C-234/89, EU:C:1991:91, 53. mgr.

⁽²⁶⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. september 2014, *framkvæmdastjórnin* gegn *Þýskalandi*, C-527/12, EU:C:2014:2193, 56. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 41. mgr., og dómur EFTA-dómstólsins frá 17. október 2014 í máli E-28/13 *LBI hf.* gegn *Merrill Lynch Int Ltd*, EFTA Ct. Rep. [2014] bls. 970, 40. mgr.

⁽²⁷⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. september 1983, *Deutsche Milchkontor GmbH*, C-205/82, EU:C:1983:233, 22. til 23. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 13. júní 2002, *Holland* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-382/99, EU:C:2002:363, 90. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. september 2014, *framkvæmdastjórnin* gegn *Þýskalandi*, C-527/12, EU:C:2014:2193, 39. til 42. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 72. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. nóvember 2015, *Klausner Holz Niedersachsen*, C-505/14, EU:C:2015:742, 40. til 41. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 135. mgr.

landsréttar ekki vera þannig fram settar að það sé nánast ómögulegt eða óhóflega torsótt að neyta réttinda sem veitt eru samkvæmt EES-rétti („skilvirknireglan“) ⁽²⁸⁾. Í undirköflum 2.2.1., 2.2.2. og 2.2.3. er samspil meginreglunnar um réttarfarslegt sjálfsforræði, annars vegar, og jafngildisreglunnar og skilvirknireglunnar, hins vegar, útskýrt að því er varðar aðild, lögsögu landsdómstólsins og meginregluna um bindandi áhrif dómsúrlausnar, *res judicata* ⁽²⁹⁾.

2.2.1. Aðild að máli

- (21) Við beitingu meginreglunnar um réttarfarslegt sjálfsforræði beita EES-ríkin reglum landsréttar um aðild í málarekstri sem varðar ríkisaðstoð fyrir landsdómstólum, að því tilskildu að þeir virði jafngildisregluna og skilvirkniregluna.
- (22) Samkvæmt skilvirknireglunni eiga reglur landsréttar um aðild einstaklinga og lögvarða hagsmuni þeirra af málarekstri ekki að grafa undan réttinum til skilvirkrar réttarverndar þeirra réttinda sem EES-réttur veitir þeim ⁽³⁰⁾.
- (23) Úttektin á framfylgd aðildarríkjanna leiddi í ljós að dómstólar aðildarríkjanna úrskurðu oftast í málum af hálfu samkeppnisaðila aðstoðarþegans sem hafa orðið fyrir beinum áhrifum vegna röskunar á samkeppni sem leiddi af framkvæmd hinnar ólögmætu aðstoðar ⁽³¹⁾.
- (24) Landsdómstólar verða, hins vegar, að taka mið af þeirri skyldu sinni, þegar þeir beita reglum landsréttar um aðild, að vernda hagsmuni allra aðila sem eiga næga lögvarða hagsmuni af því að höfða mál („þriðju aðilar“), óháð því hvort þeir hafi orðið fyrir beinum áhrifum af röskun á samkeppni sem varð vegna ólögmætrar framkvæmdar á aðstoðarráðstöfun.
- (25) Landsdómstólar verða að líta til fleiri þátta þegar þeir leggja mat á aðildarhæfi þriðju aðila í málum sem varða ríkisaðstoð sem veitt er með aðgerðum í ríkisfjármálum. Skattgreiðendur sem eru þriðju aðilar kunna að hafa hagsmuni af því að höfða mál til þess að krefjast endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem lögð var á, í andstöðu við biðstöðuskylduna, ef skatturinn eða gjaldið sem lagt var á þá er hluti af fjármögnun hinnar ólögmætu ríkisaðstoðar ³². Aðild þeirra veltur ekki á því að fyrir hendi sé samkeppni við aðstoðarþegann ⁽³³⁾.
- (26) Aftur á móti geta skattgreiðendur sem eru þriðju aðilar ekki reitt sig á ólögmæti aðstoðarráðstöfunar sem undanþiggur frá skattlagningu tiltekin fyrirtæki eða greinar til þess að komast hjá greiðslu þess skatts eða gjalds, eða til að fá endurgreiðslu, nema skatttekjurnar séu sérstaklega eyrnamerkar til að fjármagna hina ólögmætu ríkisaðstoð eins og fram kemur í

⁽²⁸⁾ Fjalla verður um samræmi við skilvirkniregluna með því að greina einstaka þætti ákvæðisins og þátt þess í viðkomandi málsmeðferð. Sjá í þessu sambandi dóm Evrópudómstólsins frá 11. nóvember 2015, *Klausner Holz Niedersachsen*, C-505/14, EU:C:2015:742, 40. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 138. til 140. mgr. Dómur EFTA-dómstólsins frá 17. september 2018 í máli E-10/17, *Nye Kystlink AS* gegn *Color Group AS* and *Color Line AS*, EFTA Ct. Rep. [2018] bls. 292, 73.–75. mgr. og 110.–111. mgr., og dóma sem vísað er til.

⁽²⁹⁾ Samræmi gildandi réttarfarsreglna landsréttar við jafngildisregluna og skilvirkniregluna getur hins vegar varðað hvaða aðra þætti innlendrar löggjafar sem er, m.a. upphæð kostnaðar í tengslum við beitingu ríkisaðstoðarreglna í málum af hálfu einkaaðila fyrir landsdómstólum, svo dæmi sé tekið.

⁽³⁰⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 13. janúar, *Streekgewest*, C-174/02, EU:C:2005:10, 18. mgr., og dómur EFTA-dómstólsins frá 13. júní í máli E-11/12, *Beatrix Koch, Dipl. Kfm. Lothar Hummel and Stefan Muller* gegn *Swiss Life AG*, EFTA Ct. Rep. [2013] bls. 272, 117. mgr.

⁽³¹⁾ Í Rúmeníu á hver aðili sem hefur orðið fyrir afleiðingum vegna ólögmætrar ríkisaðstoðarráðstöfunar aðild í máli fyrir dómstóli. Sjá viðauka 3: skýrslur ríkja í „Endanlegri úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, bls. 404. Í Lettlandi byggist aðild beint á 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því geta landsdómstólar byggt á skilgreiningunni á hugtakinu „hagsmunaaðili“ í málsmeðferðarreglugerðinni til þess að ákvarða hvort aðili eigi aðild í máli fyrir dómi. Sjá viðauka 3: skýrslur ríkja í „Endanlegri úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, bls. 300.

⁽³²⁾ Vísað er, til dæmis, til mála þar sem hin ólögmæta aðstoð er fjármögnuð af gjaldi sem lagt er á sóknaraðila. Staðan er hins vegar önnur ef ágreiningsefnið varðar ekki umsókn um undanþágu frá umþrættum skatti heldur lögmæti reglna sem varða þann skatt. Sjá í þessu sambandi dóm Evrópudómstólsins frá 3. mars 2020, *Vodafone Magyarország*, C-75/18, EU:C:2020:139, 25. mgr., og dóm Evrópudómstólsins frá 26. apríl 2018, *ANGED*, C-233/16, EU:C:2018:280, 26. mgr.

⁽³³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 13. janúar 2005, *Streekgewest*, C-174/02, EU:C:2005:10, 19. mgr.

mgr. (25). Þetta á einnig við ef rekstur þeirra er í samkeppni við aðstoðarþegana⁽³⁴⁾. Slík niðurstaða myndi leiða til aukinna samkeppnishamlandi áhrifa ríkisaðstoðarinnar þar sem hún yrði til að stækka hóp fyrirtækja sem njóta góðs af skattundanþágu sem felur í sér ólögmda ríkisaðstoð⁽³⁵⁾.

- (27) Ef álitaeftir í tengslum við EES-samninginn, samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, eða ákvarðanir ESA í ríkisaðstoðarmálum, koma upp við málarekstur fyrir landsdómstólum geta aðilarnir í þessum málum leitað eftir ráðgefandi áliti hjá EFTA-dómstólnum. Skv. 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól hefur EFTA-dómstóllinn lögsögu til að veita ráðgefandi álit um túlkun á EES-samningnum, meðal annars 61. gr. EES-samningsins. Ef ætlunin er hins vegar að höfða mál til ógildingar á ákvörðun ESA í máli sem varðar ríkisaðstoð verður að gera það á grundvelli 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. [...] (36). [...] (37).

2.2.2. Lögsaga

- (28) Meginreglan um réttarfarslegt sjálfsforræði leiðir af sér að það er í höndum réttarkerfis hvers EES-ríkis að útnefna þá dómstóla sem hafa lögsögu í málarekstri sem varðar veitingu ólögmda aðstoðar. Af henni leiðir einnig að EES-ríkin ákveða ítarlegar málsmeðferðarreglur sem gilda um slík mál fyrir dómstólum, svo fremi að jafngildisreglunni og skilvirknireglunni sé fylgt⁽³⁸⁾.
- (29) Þegar sérstökum reglum EES-réttar sleppir er uppbygging dómkerfis EES-ríkanna mjög mismunandi. Þó að nokkur EES-ríki hafi sett upp sérhæfða dómstóla fyrir ríkisaðstoðarmál hafa önnur veitt deildum innan fyrirbyggjandi dómstóla einkalögsögu eða tekið upp málsmeðferðarreglur sem skýra lögsögu dómstóllanna í málum sem varða framfylgd opinberra aðila og einkaaðila á ríkisaðstoðarreglum⁽³⁹⁾. Í flestum EES-ríkjum hafa dómstólar á sviði einkamála-réttar og stjórnsýsludómstólar valdheimildir til að beita ríkisaðstoðarreglum⁽⁴⁰⁾.

2.2.3. Meginreglan um bindandi áhrif dómsúrlausnar (*res judicata*)

- (30) Samkvæmt meginreglunni um bindandi áhrif dómsúrlausnar verður endanlegur dómur sem hefur gengið um málsatvik ekki vefengdur. Á þetta við ef allar áfrýjunarleiðir hafa verið tæmdar eða frestur til að nýta slíkan rétt er liðinn. Að baki meginreglunni um bindandi áhrif dómsúrlausnar býr markmiðið að tryggja stöðugleika laga og réttarsambanda, sem og vandaða

⁽³⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 10. nóvember 2016, *DTS Distribuidora de Televisión Digital* gegn *frankvæmdastjórninni*, C-449/14 P, EU:C:2016:848, 81. til 82. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. desember 2016, *frankvæmdastjórnin* gegn *Aer Lingus*, C-164/15 P, EU:C:2016:990, 121. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 3. mars 2020, *Vodafone Magyarorszá*, C-75/18, EU:C:2020:139, 24. til 28. mgr.

⁽³⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 15. júní 2006, *Air Liquide Industries Belgium*, C-393/04, EU:C:2006:403, 45. mgr.

⁽³⁶⁾ [...].

⁽³⁷⁾ [...].

⁽³⁸⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 72. mgr.

⁽³⁹⁾ Á Írlandi er fyrirkomulagið t.d. þannig að æðri dómstóll (e. High Court) hefur einn lögsögu til að leysa úr ágreiningi í samkeppnismálum sem eru sérstakur flokkur í málaskrá dómstólsins, þ.m.t. málum sem varða ríkisaðstoð. Á Ítalíu eru það síðan stjórnsýsludómstólar landsins sem hafa nánast fengið einkavaldheimild til að rétta í málum sem varða framfylgd ríkisaðstoðarreglna af hálfu einkaaðila og opinberra aðila frá 19. janúar 2013. Dómstólar á sviði einkamálaréttar hafa haldið valdheimildum sínum varðandi tilteknar gerðir málareksturs og málsóknar. Sjá viðauka 3: skýrslur ríkja í „Endanlegri úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, bls. 253 og 263 til 264. Sjá einnig skýrsluna „Endanleg úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, bls. 103 til 104.

⁽⁴⁰⁾ Einkum hafa stjórnsýsludómstólar í flestum aðildarríkjum Evrópusambandsins valdheimildir í málum þar sem sóknaraðili lætur reyna á athafnir stjórnvalds, s.s. úrskurð um endurheimtu eða veitingu aðstoðar, á meðan dómstólar á sviði einkamálaréttar hafa vald í málum sem varða endurheimtu ríkisaðstoðar í tengslum við gjaldþrotaskipti eða til þess að dæma um skaðabætur. Sjá skýrsluna „Endanleg úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, bls. 64. Í Noregi og á Íslandi hafa engir sérhæfðir dómstólar verið stofnaðir þar sem landsdómstólar taka öll mál til meðferðar. Í Liechtenstein fellur það undir valdsvið landsdómstóla að ómerkja eða lýsa ógildan samning eða lög sem aðstoð grundvallaðist á, með afturvirkum hætti. Aðstoðarveitandi getur breytt eigin ákvörðun eða gefið fyriræmi um endurheimtu ólögmda aðstoðar vegna neikvæðrar ákvörðunar ESA og unnt er að bera fram kvartanir vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda við innlent stjórnvald.

réttarframkvæmd, og er hún lögfest bæði í EES-rétti og landsrétti ríkja ⁽⁴¹⁾. Í réttarframkvæmd eru reglur sem varða framkvæmd meginreglunnar um bindandi áhrif dómsúrlausnar viðfangsefni landsréttar, í samræmi við réttarfarslegt sjálfsforræði EES-ríkjanna, ef ekki eru EES-reglur á þessu sviði. Hins vegar verða slíkar málsmeðferðarreglur að hlíta jafngildisreglunni og skilvirknireglunni ⁽⁴²⁾.

- (31) [...] ⁽⁴³⁾. Landsdómstólunum er skylt að tryggja fulla virkni ákvæða EES-réttar. Samkvæmt bókun 35 við EES-samninginn verða EES-EFTA-ríkin að tryggja að innleiddar reglur EES-réttar sem eru ósamrýmanlegar almennum ákvæðum í landsrétti gangi framár þeim síðarnefndu. (*) Gildir þetta einnig um innlendar reglur sem fela í sér meginregluna um bindandi áhrif dómsúrlausnar ⁽⁴⁴⁾.
- (32) Dómaframkvæmd dómstóla EES hefur takmarkað áhrifamátt meginreglunnar um bindandi áhrif dómsúrlausnar á sviði ríkisaðstoðar. Beiting meginreglunnar um bindandi áhrif dómsúrlausnar má ekki takmarka einkavaldheimild sem ESA hefur verið veitt með EES-samningnum til þess að leggja mat á samrýmanleika ríkisaðstoðar ⁽⁴⁵⁾. Enn fremur geta aðstæður þar sem landsdómstóll hefur útilokað að ríkisaðstoð sé til staðar, hvað varðar tiltekna ráðstöfun, ekki komið í veg fyrir þá niðurstöðu af hálfu ESA síðar, að viðkomandi ráðstöfun sé ólögmat ríkisaðstoð sem ekki samrýmist EES-samningnum ⁽⁴⁶⁾. Á þetta við jafnvel þó að landsdómstóll hafi leyst úr máli á æðsta dómstigi ⁽⁴⁷⁾. Hið sama gildir þar sem reglur landsréttar um bindandi áhrif dómsúrlausnar ná yfir lagalegar röksemdir sem hefði verið hægt að byggja á fyrir dómi, en ekki var byggt á ⁽⁴⁸⁾.

3. HLUTVERK ESA

- (33) Markmiðið með kerfinu fyrir fyrirframefirlit með ríkisaðstoð sem sett er fram með 3. mgr. 1. gr. I hluta bókunar 3 er að tryggja að einungis samrýmanleg aðstoð geti komið til framkvæmda ⁽⁴⁹⁾. Til þess að ná því markmiði ber að fresta framkvæmd áætlaðrar aðstoðar sem ekki fellur undir hópundanþágu þar til ESA hefur samþykkt ákvörðun um hvort hún samrýmist framkvæmd EES-samningsins ⁽⁵⁰⁾.

3.1. Einkavaldheimildir ESA

- ⁽⁴¹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. nóvember 2015, *Klausner Holz Niedersachsen*, C-505/14, EU:C:2015:742, 38. mgr.
- ⁽⁴²⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 3. september 2009, *Fallimento Olimpiclub*, C-2/08, EU:C:2009:506, 24. mgr. Dómur Evrópudómstólsins frá 10. júlí 2014, *Impresa Pizzarotti*, C-213/13, EU:C:2014:2067, 54. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 4. maí 2020, *Telecom Italia*, C-34/19, EU:C:2020:148, 58. mgr.
- ⁽⁴³⁾ [...].
- ^(*) Dómur EFTA-dómstólsins frá 22. febrúar 2022 í máli E-1/01 *Hörður Einarsson gegn Íslenska ríkinu*, EFTA Ct. Rep. [2002], bls. 1, 52.-53. mgr.
- ⁽⁴⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 18. júlí 2007, *Lucchini*, C-119/05, EU:C:2007:434, 60. og 61. mgr.
- ⁽⁴⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 18. júlí 2007, *Lucchini*, C-119/05, EU:C:2007:434, 61. til 63. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. nóvember 2015, *Klausner Holz Niedersachsen*, C-505/14, EU:C:2015:742, 44. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 4. Mars 2020, *Buonotourist* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-586/18 P, EU:C:2020:152, 92. til 96. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *CSTP Azienda della Mobilità* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-587/18 P, EU:C:2020:150, 92. til 96. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 3. september 2009, *Fallimento Olimpiclub*, C-2/08, EU:C:2009:506, 22. til 25. mgr.
- ⁽⁴⁶⁾ „Regla í landsrétti sem kemur í veg fyrir að landsdómstóll leysi úr afleiðingum brots gegn þriðja málsli. 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins [3. mgr. 1. gr. I hluta bókunar 3] vegna úrlausnar landsdómstóls, sem hefur bindandi áhrif, í máli þar sem ekki er um að ræða sama úrlausnarefni og sem varðaði ekki ríkisaðstoðareiginleika samninganna sem um ræðir verður að teljast ósamrýmanleg skilvirknireglunni“, dómur Evrópudómstólsins frá 11. nóvember 2015, *Klausner Holz Niedersachsen*, C-505/14, EU:C:2015:742, 45. mgr.
- ⁽⁴⁷⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *Buonotourist* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-586/18 P, EU:C:2020:152, 92. til 96. mgr.
- ⁽⁴⁸⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. nóvember 2015, *Klausner Holz Niedersachsen*, C-505/14, EU:C:2015:742, 30. og 42 til 43. mgr.
- ⁽⁴⁹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 3. mars 2020, *Vodafone Magyarország*, C-75/18, EU:C:2020:139, 19. mgr.
- ⁽⁵⁰⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 25. til 26. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 18. maí 2017, *Fondul Proprietatea*, C-150/16, EU:C:2017:388, 40. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 84. mgr.

- (34) ESA framkvæmir almennt vald sitt til að meta samrýmanleika ríkisaðstoðarráðstöfunar í tveimur skrefum. ESA leggur í fyrsta lagi mat á það hvort ráðstöfunin teljist ríkisaðstoð skv. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins⁽⁵¹⁾. Í öðru lagi tekur hún til skoðunar hvort ráðstöfunin samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Fyrsta skrefið felst í mati á því hvort aðstoð sé yfirstandandi, og er bæði á valdsviði ESA og landsdómstólanna þar sem þeir siðarnefndu kunna að þurfa að leysa úr því hvort ráðstöfunin falli undir biðstöðuskylduna⁽⁵²⁾. (Sjá undirkafla 4.2.1 og 4.2.2). Síðara skrefið, sem felst mati á samrýmanleika, er einungis á valdsviði ESA. Setja verður samrýmanleikamatið fram í ákvörðun⁽⁵³⁾, sem getur sætt endurskoðun af hálfu EFTA-dómstólsins⁽⁵⁴⁾.
- (35) ESA getur annað hvort komist að niðurstöðu um það hvort ráðstöfun samrýmist framkvæmd EES-samningsins að lokinni forathugun (ef eftirlitsstofnunin er ekki í vafa um hvort ráðstöfunin samrýmist framkvæmd EES-samningsins)⁽⁵⁵⁾, eða að lokinni formlegri rannsókn (ef vafi lék á því, í tengslum við forathugun, hvort ráðstöfunin samrýmdist framkvæmd EES-samningsins)⁽⁵⁶⁾. Þegar ESA hefur formlega rannsókn samþykkir eftirlitsstofnunin ákvörðun þar sem fram kemur bráðabirgðamat á eðli aðstoðarinnar og vafi eftirlitsstofnunarinnar um að hún samrýmist framkvæmd EES-samningsins („ákvörðun um að hefja formlega rannsókn“)⁽⁵⁷⁾.
- (36) Einkavaldheimild ESA til að meta hvort ríkisaðstoð samrýmist samningnum getur haft takmarkandi áhrif þegar dómstólar fara með vald sitt við beitingu 1. mgr. 61. gr. og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 (sjá undirkafla 4.1)⁽⁵⁸⁾. Á þetta við um ákvarðanir um að hefja formlega rannsókn, sem hafa tilteknað lagalegar afleiðingar á málsmeðferð fyrir landsdómstólum, þar til mat hefur farið fram á því hvort ráðstöfunin samrýmist samningnum (sjá undirkafla 4.1.1.2).
- (37) Innan ramma EES-samningsins er það landsdómstóla að hlíta mati ESA um það hvort aðstoð er fyrir hendi, sem sett er fram í lokaákvörðun ESA sem tekin er áður en landsdómstóll úrskurðar⁽⁵⁹⁾. Ef landsdómstóll úrskurðar, hins vegar, áður en ESA tekur ákvörðun getur sá úrskurður, jafnvel þó að hann hafi bindandi áhrif, ekki komið í veg fyrir að ESA geti á einhverjum tímapunkti beitt einkavaldheimildum sem EES-samningurinn veitir eftirlitsstofnuninni (sjá undirkafla 2.2.3)⁽⁶⁰⁾.

3.2. Valdheimildir ESA til að framfylgja ríkisaðstoðarreglum

- (38) ESA þarf að jafnaði að samþykkja endanlega ákvörðun sem markar lok formlegrar rannsóknar með fyrirmælum um endurheimtu ráðstöfunarinnar („ákvörðun um endurheimtu“) svo

⁽⁵¹⁾ [...]. Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð sem vísað er til í 1. mgr. 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (Stjtið. ESB L 342, 21.12. 2017, bls. 35-84 og EES-viðbætur nr. 82, 21.12.2017, bls. 1).

⁽⁵²⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *Buonotourist* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-586/18 P, EU:C:2020:152, 90. mgr.

⁽⁵³⁾ Sjá 4. og 7. gr. í II. hluta bókunar 3.

⁽⁵⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 19. júlí 2016, *Kotnik o.fl.*, C-526/14, EU:C:2016:570, 37. mgr.

⁽⁵⁵⁾ Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum, 3. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁵⁶⁾ Sjá hugtökin „jákvæð ákvörðun“ og „neikvæð ákvörðun“, í þeirri röð, í 3. og 5. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁵⁷⁾ Sjá 3. og 4. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁵⁸⁾ Sjá dóm Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *Buonotourist* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-586/18 P, EU:C:2020:152, 93. til 94. mgr. „meðferð slíkrar valdheimildar þýðir að framkvæmdastjórnin getur skoðað, í samræmi við 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, hvort ráðstöfun feli í sér ríkisaðstoð sem hefur átt að tilkynna til hennar, í samræmi við 3. mgr. ákvæðisins, við aðstæður þar sem stjórnvöld í aðildarríki hafa metið það svo að ráðstöfunin hafi ekki uppfyllt skilyrðin sem kveðið er á um í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þ.m.t. þar sem þau stjórnvöld hafa að þessu leyti hlitt mati landsdómstóls. Sú niðurstaða verður ekki ógilt með þeirri staðreynd að dómstóll hafi úrskurðað og að úrlausnin hafi bindandi áhrif. Leggia ber áherslu á að reglan um einkavaldheimildir framkvæmdastjórnarinnar er nauðsynleg í réttarkerfinu og leiðir af meginreglunni um forgangsáhrif ESB-réttar“.

⁽⁵⁹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 15. september 2016, *PGE*, C-574/14, EU:C:2016:686, 33. og 36. til 37. mgr.

⁽⁶⁰⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *Buonotourist* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-586/18 P, EU:C:2020:152, 92. til 96. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *CSTP Azienda della Mobilità* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-587/18 P, EU:C:2020:150, 92. til 96. mgr.

ákvarðaðar verði úrbætur vegna brots gegn ríkisaðstoðarreglum ef niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar er sú að ráðstöfunin feli í sér ólögmæta aðstoð sem ekki samrýmist samningnum ⁽⁶¹⁾.

- (39) Valdheimildir ESA við framfylgd ríkisaðstoðarreglna eru skrásettar í málsmæðferðarreglum á sviði ríkisaðstoðar ⁽⁶²⁾. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. II. hluta bókunar 3 ber ESA að krefjast endurgreiðslu á ólögmætri aðstoð sem ekki samrýmist framkvæmd samningsins með samþykkt ákvörðunar þess efnis. Ef eftirlitsstofnunin hefur sett fram þá niðurstöðu í ákvörðun að aðstoðarráðstöfun sé ólögmæt og samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins hefur ESA ekkert mat þar að lútandi og ber að krefjast endurheimtu ⁽⁶³⁾, nema það væri andstætt meginreglu í EES-rétti ⁽⁶⁴⁾. Tíu ára fyrningarfrestur gildir um valdheimildir ESA til þess að krefjast endurheimtu og byrjar hann að líða daginn sem hin ólögmæta aðstoð var veitt aðstoðarþeganum ⁽⁶⁵⁾.
- (40) Í sumum tilvikum hefur ESA heimild, skv. 11. gr. II. hluta bókunar 3, til þess að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir á meðan eftirlitsstofnunin lýkur mati á því hvort aðstoðin samrýmist samningnum. Einkum getur ESA gefið út fyrirmæli um frestun eða endurheimtu aðstoðar að því tilskildu að ýmis skilyrði séu uppfyllt ⁽⁶⁶⁾. Ráðstafanirnar miðast að því að takmarka tjónið sem tengist framkvæmd aðstoðar sem hefur brotið gegn tilkynningarskyldunni og biðstöðu-skyldunni ⁽⁶⁷⁾.

4. HLUTVERK LANDSDÓMSTÓLA

- (41) ESA ber að rannsaka samrýmanleika aðstoðarráðstöfunar við framkvæmd EES-samningsins, jafnvel þó að eftirlitsstofnunin hafi leitt í ljós að framkvæmd hennar hafi brotið gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3, en helsta hlutverk landsdómstóla er að standa vörð um réttindi þeirra einstaklinga sem standa frammi fyrir því broti ⁽⁶⁸⁾.
- (42) Landsdómstólum ber að veita þriðju aðilum skilvirka réttarvernd ⁽⁶⁹⁾. Þáttur þeirra í eftirliti með ríkisaðstoð er sérstaklega þýðingarmikill í tilfellum þar sem ólögmæt aðstoð er veitt, þar sem ekki liggur fyrir endanleg ákvörðun ESA um sömu ráðstöfun, eða fram að því að slík ákvörðun

⁽⁶¹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 14. febrúar 1990, *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni* ('*Boussac*'), C-301/87, EU:C:1990:67, 9. til 22. mgr. Það útilokar ekki þann möguleika að ESA gefi út fyrirmæli um endurheimtu áður en mati er lokið á því hvort aðstoð samrýmist samningnum, í sérstökum tilvikum sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁶²⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 66. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 110. mgr. Í báðum tilvikum vísaði dómstóllinn til málsmæðferðarreglugerðarinnar (endurskoðaðrar útgáfu) sem, að því marki sem hún hefur að geyma málsmæðferðarreglur sem gilda um alla stjórnsýslumæðferð í tengslum við ríkisaðstoð sem er til mæðferðar hjá framkvæmdastjórninni, reglubindur og styrkir framkvæmd framkvæmdastjórnarinnar við rannsókn sína á ríkisaðstoð. Hin endurskoðaða málsmæðferðarreglugerð (reglugerð (ESB) 2105/1589) hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn.

⁽⁶³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 7. mars 2002, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, C-310/99, EU:C:2002:143, 99. mgr.

⁽⁶⁴⁾ Sjá 1. mgr. 14. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁶⁵⁾ Sjá 1. mgr. 15. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁶⁶⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 14. febrúar 1990, *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni*, C-301/87, EU:C:1990:67, 19. til 20. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. mars 1991, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, C-303/88, EU:C:1991:136, 46. mgr. Ef aðildarríki lætur hjá líða að hlíta fyrirmælum um biðstöðu eða endurheimtu getur ESA, á meðan eftirlitsstofnunin rannsakar efnishlið málsins, farið með málið beint fyrir EFTA-dómstólinn með því að krefjast úrskurðar um að slík vanræksla teljist brot á EES-samningnum, skv. 12. gr. málsmæðferðarreglugerðarinnar.

⁽⁶⁷⁾ Sjá 1. og 2. mgr. 11. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁶⁸⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 12. febrúar 2008, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-199/06, EU:C:2008:79, 38. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 1991, *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl.* gegn *Frakklandi*, C-354/90, EU:C:1991:440, 11. til 12. mgr.

⁽⁶⁹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. desember 1973, *Lorenz GmbH gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi o.fl.*, C-120/73, EU:C:1973:152, 8. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 1991, *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl.* gegn *Frakklandi*, C-354/90, EU:C:1991:440, 11. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 39. mgr.

er samþykkt, sem og í málum þar sem aðstoð sem mögulega er samrýmanleg samningnum hefur verið veitt og brotið gegn biðstöðuskyldunni ⁽⁷⁰⁾.

4.1. Afmörkun valdsviðs landsdómstóla við beitingu ríkisaðstoðarreglna

- (43) Það er á valdsviði landsdómstóla að túlka og beita 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Ef ekki liggur fyrir ákvörðun af hálfu ESA um sömu ráðstöfun ⁽⁷¹⁾, eru landsdómstólar einungis bundnir af hinu hlutlæga hugtaki ríkisaðstoð þegar þeir fara með vald sitt til að leggja mat á hvort ríkisaðstoð sé til staðar ⁽⁷²⁾.
- (44) ESA leggur einnig mat á það hvort ríkisaðstoð sé til staðar, sem yfirleitt er fyrsta skrefið áður en mat er lagt á samrýmanleika hennar við samninginn. Því getur sérhver málsmeðferð fyrir ESA, fyrir eða eftir málsmeðferð fyrir landsdómstólum, haft áhrif á þá síðarnefndu ⁽⁷³⁾, líkt og útskýrt er í undirkafla 4.1.1.

4.1.1. ESA hefur tekið ákvörðun

- (45) Landsdómstólum ber að láta hjá líða að komast að niðurstöðum sem stangast á við ákvörðun ESA ⁽⁷⁴⁾, til þess að brjóta ekki gegn EES-samningnum, og verða því að hlíta mati ESA á því hvort ríkisaðstoð sé til staðar. Landsdómstólar hafa heldur enga lögsögu til að lýsa yfir ógildi ákvarðana ESA ⁽⁷⁵⁾. Einungis EFTA-dómstóllinn hefur slíka lögsögu skv. 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. ⁽⁷⁶⁾
- (46) Ef landsdómstóll hefur efasemdir um túlkun eða gildi ákvörðunar ESA getur dómstóllinn leitað skýringa hjá ESA (sjá undirkafla 5.1). Ef spurning um túlkun á EES-samningnum vaknar getur landsdómstóllinn ⁽⁷⁷⁾ lagt spurningar fyrir EFTA-dómstólinn og óskað eftir ráðgefandi áliti, í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁷⁸⁾.

4.1.1.1. ESA hefur tekið ákvörðun þar sem aðstoð er talin samrýmanleg EES-samningnum

⁽⁷⁰⁾ Að því er varðar hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd opinberra aðila er vísað til auglýsingar um endurheimtu (Stjtið. ESB C 247, 23.7.2019, bls. 1). ESA samþykkir leiðbeinandi reglur um túlkun og beitingu ríkisaðstoðarreglna, annað hvort með EES-EFTA-útgáfu af viðeigandi gerningi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða með vísan til slíks gernings. Evrópusambandið hefur samþykkt auglýsingu um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg innri markaðnum, Stjtið. ESB C 247, 23.7.2019, bls. 1, sem kom í stað auglýsingar um endurheimtu frá 2007, Stjtið. ESB C 272, 15.11.2007, bls. 4. Auglýsingin um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg innri markaðinum er að vissu marki byggð á reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9, „málsmeðferðarreglugerðinni“, sem hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Af þeirri ástæðu hefur ESA ekki getað samþykkt greinargóða EES-EFTA-útgáfu af auglýsingunni um endurheimtu og ólögmat ríkisaðstoð og ríkisaðstoð sem samrýmist ekki framkvæmd samningsins og vísar því til núgildandi auglýsingar um endurheimtu frá 2008, sem er að finna [hér](#), Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32.

⁽⁷¹⁾ Sjá einnig dóm Almenna dómstólsins frá 20. júní 2019, *A&O hostel and hotel Berlin* gegn framkvæmdastjórninni, T-578/17, EU:T:2019:437, 72. mgr.

⁽⁷²⁾ Sjá hvað þetta varðar dóm dómstólsins frá 22. mars 1977, *Steineke e Weinlig*, 78/76, EU:C:1977:52, 14. mgr.

⁽⁷³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *CSTP Azienda della Mobilità* gegn framkvæmdastjórninni, C-587/18 P, EU:C:2020:150, 92. til 93. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *Buonotourist* gegn framkvæmdastjórninni, C-586/18 P, EU:C:2020:152, 96. mgr.

⁽⁷⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 41. mgr.

⁽⁷⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 22. október 1987, *Foto-Frost* gegn *Hauptzollamt Lübeck-Ost*, C-314/85, EU:C:1987:452, 20. mgr.

⁽⁷⁶⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. febrúar 1991, *Zuckerfabrik Süderdithmarschen and Zuckerfabrik Soest* gegn *Hauptzollamt Itzehoe and Hauptzollamt Paderborn*, C-143/88 og C-92/89, EU:C:1991:65, 23. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 9. nóvember 1995, *Atlanta Fruchthandelsgesellschaft o.fl. (I)* gegn *Bundesamt für Ernährung und Forstwirtschaft*, C-465/93, EU:C:1995:369, 51. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 18. júlí 2007, *Lucchini*, C-119/05, EU:C:2007:434, 53. mgr.

⁽⁷⁷⁾ [...] Skv. 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól hefur EFTA-dómstóllinn lögsögu til að veita ráðgefandi álit um túlkun EES-samningsins. Ef slík spurning er borin upp við dómstól eða rétt í EES-EFTA-riki getur sá dómstóll eða réttur leitað eftir ráðgefandi áliti frá EFTA-dómstólnum ef hann telur það nauðsynlegt til þess að geta kveðið upp úrskurð.

⁽⁷⁸⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 50. til 51. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 44. mgr.

- (47) Lokaákvörðun ESA þar sem ólögmat aðstoð er talin samrýmanleg EES-samningnum eftir að hún hefur verið veitt hefur ekki þau afturvirkni áhrif að koma reglu á framkvæmdarráðstafanir sem höfðu verið samþykktar í andstöðu við biðstöðuskylduna sem kveðið er á um í bókun 3 ⁽⁷⁹⁾.
- (48) Í þessu sambandi verða landsdómstólar að veita einstaklingum vissu um að öll viðeigandi áhrif að lögum verði leidd af ⁽⁸⁰⁾ broti gegn biðstöðuskyldunni, m.a. með fyrirmælum um endurheimtu vaxtagreiðslna á tímabilinu þegar aðstoð var ólögmat, í samræmi við reglur landsréttar þeirra ⁽⁸¹⁾.
- (49) Af því leiðir að þegar þriðji aðili leitar eftir því fyrir landsdómstóli að ávinningi sem tengist ótímabærri framkvæmd aðstoðarinnar verði eytt, ætti dómstóllinn að fallast á kröfurnar jafnvel þó að ESA hafi þegar lýst yfir að aðstoðin sem um ræðir sé samrýmanleg samningnum. Öll önnur túlkun hefði þau áhrif að EES-EFTA-ríkin gætu virt að vettugi ákvæði bókunar 3 og þar með ónýtt skilvirkni þeirra ⁽⁸²⁾.

4.1.1.2. *ESA hefur tekið ákvörðun um að hefja formlega rannsókn*

- (50) Öðru máli gegnir ef ESA hefur einungis tekið ákvörðun um að hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3, að því er varðar aðstoðarráðstöfun sem er til meðferðar fyrir landsdómstóli. Í ákvörðun um að hefja formlega rannsókn lætur ESA í grundvallaratriðum í ljós efasemdir um það hvort aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Slíkar efasemdir varða yfirleitt samrýmanleika aðstoðar, en mat á því hvort aðstoð sé til staðar er í eðli sínu bráðabirgðamat og er leitt af upphaflegri athugun á ráðstöfuninni sem um ræðir ⁽⁸³⁾.
- (51) Skv. 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól verða landsdómstólar að taka tillit til þeirrar lagalegu stöðu sem leiðir af yfirstandandi málsmeðferð hjá ESA, jafnvel þó að hún sé til bráðabirgða.
- (52) Þetta merkir að á meðan rannsókn stendur yfir verða landsdómstólar að leysa úr málinu á grundvelli sjálfrar ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn. Ef landsdómstóll myndi úrskurða, í kjölfar ákvörðunar um að hefja formlega rannsókn, að ráðstöfunin feli ekki í sér aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, myndi það hamlar skilvirkni 1. mgr. 3. gr. I. hluta bókunar 3 ⁽⁸⁴⁾.
- (53) Þannig er það á ábyrgð landsdómstólsins að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að bregðast við hugsanlegu broti gegn biðstöðuskyldunni. Landsdómstólar geta ákveðið að fresta framkvæmd ráðstöfunarinnar sem um ræðir og mælt fyrir um endurheimtu þeirra greiðslna sem hafa þegar farið fram. Einnig geta þeir ákveðið að mæla fyrir um bráðabirgðaráðstafanir til þess að gæta bæði hagsmuna málsaðilanna sem um ræðir og að skilvirkni ákvörðunar ESA um að hefja formlega rannsókn ⁽⁸⁵⁾.

⁽⁷⁹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 12. febrúar 2008, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-199/06, EU:C:2008:79, 40. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 19. mars 2015, *OTP Bank*, C-672/13, EU:C:2015:185, 76. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 59. mgr.

⁽⁸⁰⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 30. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 89. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 3. mars 2020, *Vodafone Magyarorszag*, C-75/18, EU:C:2020:139, 23. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 13. desember 2018, *Ritinger o.fl.*, C-492/17, EU:C:2018:1019, 42. mgr.

⁽⁸¹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 12. febrúar 2008, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-199/06, EU:C:2008:79, 52. til 55. mgr. Landsdómstóllinn getur líka, innan ramma viðkomandi landsréttar, ef við á, mælt fyrir um endurheimtu hinnar ólögmatu aðstoðar, með fyrirvara um rétt EES-ríkisins að framkvæma hana aftur í kjölfarið. Einnig getur komið fram krafa um að hann fallist á skaðabætur þar sem aðstoðin hafi verið ólögmat í eðli sínu (sama heimild, 53. mgr.).

⁽⁸²⁾ Sjá hvað þetta varðar dóm Evrópudómstólsins frá 19. desember 2019, *Arriva Italia o.fl.*, C-385/18, EU:C:2019:1121, 85. mgr.

⁽⁸³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 37. til 40. mgr.

⁽⁸⁴⁾ Sama heimild, 38. mgr.

⁽⁸⁵⁾ Sama heimild, 41. til 43. mgr.

- (54) Það að auki geta landsdómstólar ekki frestað málsmeðferð þar til ákvörðun ESA er endanleg ⁽⁸⁶⁾, þar sem það myndi leiða til áframhaldandi ívilnunar á markaði þrátt fyrir hugsanlegt brot gegn biðstöðuskyldunni.
- (55) Sömu takmarkanir geta gilt varðandi landsdómstóla þegar EFTA-dómstóllinn hefur ógilt lokaákvörðun af hálfu ESA ⁽⁸⁷⁾, þar sem ESA ber ekki að hefja málsmeðferðina upp á nýtt heldur getur byrjað aftur frá þeim tíma þegar ólögmatið kom til ⁽⁸⁸⁾. Ákvörðun um að hefja formlega rannsókn kann því að standa þar til ESA hefur tekið nýja lokaákvörðun. Við slíkar aðstæður eru landsdómstólar því bundnir af því að tryggja að biðstöðuskyldunni sem stofnaðist þegar formleg málsmeðferð hófst sé hlítt, t.d. með því að koma í veg fyrir að endurheimt aðstoð sé greidd út að nýju.

4.2. Valdsvið landsdómstóla

- (56) Eins og fram kemur í mgr. (11) til (13) ber landsdómstólum að leiða í ljós hvort ríkisaðstoð hafi verið veitt í samræmi við 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 með þeim takmörkunum sem leiðir af einkavaldheimildum ESA til að meta hvort aðstoð sé samrýmanleg samningnum og fyrir-
liggjandi ákvörðunum ESA um sömu ráðstöfun.
- (57) Mat landsdómstóla fer fram í tvennu lagi: fyrst leggja þeir mat á eðli ráðstöfunarinnar til þess að leiða í ljós hvort hún uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar skv. 1. mgr. 61.gr. EES-samningsins; í öðru lagi, ef niðurstaða landsdómstóla er sú að ráðstöfunin sé ríkisaðstoð, verða þeir að leysa úr því hvort ráðstöfunin falli undir biðstöðuskylduna. Ef landsdómstólar telja að brotið hafi verið gegn biðstöðuskyldunni verða þeir að gefa fyrirmæli um viðeigandi úrbætur til þess að standa vörð um réttindi einstaklinga sem verða fyrir afleiðingum af slíku broti.

4.2.1. Mat á því hvort um er að ræða aðstoð

- (58) Dómstólar EES hafa staðfest að landsdómstólar hafi líkt og ESA lögsögu til þess að túlka hugtakið ríkisaðstoð ⁽⁸⁹⁾.
- (59) Til þess að staðfest verði hvort um ríkisaðstoð sé að ræða þarf oft að leggja mat á fjölda flókinnna atriða (sjá mgr. (14)). ESA hefur gefið út ítarlegar leiðbeinandi reglur sem geta veitt landsdómstólum leiðsögn, í auglýsingu sinni um hugtakið ríkisaðstoð, sem vísað er til í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽⁹⁰⁾.
- (60) Ef vafi er uppi um það hvort þættir ríkisaðstoðar séu til staðar geta landsdómstólar óskað eftir að ESA veiti álit sitt (sjá undirkafla 5.1.1.2). Landsdómstólar eiga einnig kost á því að snúa sér til EFTA-dómstólsins með því að leita eftir ráðgefandi áliti um efnið skv. 34. gr. samningsins um efirlitsstofnun og dómstól.

4.2.2. Mat á því hvort um sé að ræða brot gegn biðstöðuskyldunni

- (61) Landsdómstólar verða í tengslum við mat á því hvort aðstoðarráðstöfun falli undir biðstöðuskylduna að taka til umfjöllunar hvort ráðstöfunin falli undir eina af undantekningunum frá tilkynningarskyldunni (sjá undirkafla 1.2). Einkum leggja landsdómstólar mat á það hvort ráðstöfunin sem um ræðir uppfylli skilyrði reglna um hópundanþágu eða teljist yfirstandandi aðstoð.

⁽⁸⁶⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. mars 2010, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-1/09, EU:C:2010:136, 31. mgr. og áfram; úrskurður Evrópudómstólsins frá 4. apríl 2014, *Flughafen Lübeck*, C-27/13, EU:C:2014:240, 30. mgr.

⁽⁸⁷⁾ Þ.e. ákvörðun um að ljúka formlegri rannsókn á grundvelli 7. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁸⁸⁾ Sjá í því sambandi dóm Evrópudómstólsins frá 12. nóvember 1998, *Spánn* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-415/96, EU:C:1998:533, 31. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 3. október 2000, *Industrie des poudres sphériques* gegn *ráðinu*, C-458/98 P, EU:C:2000:531, 82. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 9. júlí 2008, *Alitalia* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-301/01, EU:T:2008:262, 99. og 142. mgr.

⁽⁸⁹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 22. mars 1977, *Steinike & Weinlig*, C-78/76, EU:C:1977:52, 14. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 49. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 1991, *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl.* gegn *Frakklandi*, C-354/90, EU:C:1991:440, 10. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 18. júlí 2007, *Lucchini*, C-119/05, EU:C:2007:434, 50. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. október 2006, *Transalpine Ölleitung in Österreich*, C-368/04, EU:C:2006:644, 39. mgr.

⁽⁹⁰⁾ Stjtið. ESB C 262, 19.7.2016, bls. 1.

- (62) Ef aðstoðarráðstöfun uppfyllir öll viðeigandi skilyrði reglna um hópundanþágu er hún undanþegin skyldu til að tilkynna hana fyrirfram til ESA og telst samrýmast framkvæmd EES-samningsins.
- (63) Yfirstandandi aðstoð fellur ekki undir tilkynningarskyldu EES-EFTA-ríkjanna skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3, en lýtur öðru endurskoðunarfyrirkomulagi af hálfu ESA skv. b-lið 1. mgr. 62. gr. EES-samningsins. Hins vegar falla breytingar á yfirstandandi aðstoð í skilningi c-liðar 1. gr. II. hluta bókunar 3 ekki undir hugtakið yfirstandandi aðstoð.

4.2.2.1. Beiting skilyrða reglna um hópundanþágu

- (64) EFTA-ríkin geta treyst á að ráðstöfun sé undanþegin tilkynningarskyldunni ef hún uppfyllir almenn og sérstök skilyrði reglna um hópundanþágu. Ef EES-EFTA-ríki framkvæmir hins vegar aðstoðarráðstöfun sem ekki uppfyllir öll viðeigandi skilyrði gildandi hópundanþágu án þess að tilkynna hana fyrirfram til ESA er framkvæmd þeirrar aðstoðar ólögmat.
- (65) Tilkynningarskyldan og biðstöðuskyldan sem leiðir af bókun 3 er ekki einungis bindandi fyrir landsdómstólana heldur einnig alla stjórnsluðila EES-EFTA-ríkjanna ⁽⁹¹⁾.
- (66) Þegar innlendir dómstólar meta hvort ríkisaðstoðarráðstöfun hafi verið framkvæmd með lögmætum hætti verða þeir að sannreyna hvort skilyrðum reglna um hópundanþágu hafi verið fylgt til þess að sýna fram á að ráðstöfunin hafi verið undanþegin tilkynningarskyldunni. Evrópudómstóllinn hefur skilgreint umfang valdsviðs landsdómstóla þegar þeir leiða í ljós hvort skilyrðum hópundanþágureglugerðarinnar ⁽⁹²⁾ hafi verið réttilega beitt, þ.e., að því marki sem landsdómstólum er kleift að túlka ákvæði hennar.
- (67) Með samþykkt reglna um hópundanþágu er ekki ætlunin að færa mat yfir til EES-EFTA-ríkjanna á því hvort ríkisaðstoð sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, sem áfram er einungis á valdsviði ESA ⁽⁹³⁾. Hins vegar er það skylda landsdómstóla að staðfesta hvort innlend stjórnvöld hafi veitt aðstoð sem er að fullu í samræmi við almenn og sérstök skilyrði gildandi reglna um hópundanþágu, sem skýrð eru þröngt ⁽⁹⁴⁾.
- (68) Ef aðstoð hefur verið veitt á grundvelli reglna um hópundanþágu án þess að öll gildandi skilyrði séu uppfyllt getur sá sem þegið hefur þá aðstoð ekki átt réttmætar væntingar um að veiting aðstoðarinnar hafi verið lögmæt ⁽⁹⁵⁾. Er það vegna þess að stjórnvöld í ríkjunum hafa ekki vald til þess að taka endanlegar ákvarðanir með þeirri niðurstöðu að ekki sé fyrir hendi skylda til að tilkynna aðstöðina ⁽⁹⁶⁾.

4.2.2.2. Yfirstandandi aðstoð

- (69) Eins og segir í mgr. (63) fellur yfirstandandi aðstoð ekki undir tilkynningarskylduna, öfugt við það sem gildir um nýja aðstoð. Er það alfarið í valdi ESA að meta hvort yfirstandandi aðstoð sé áfram samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins og leggja til viðeigandi ráðstafanir ef eftirlitsstofnunin telur að aðstoðarkerfi sé ekki lengur samrýmanlegt. Við framkvæmd ríkisaðstoðarreglna takmarkast hlutverk landsdómstóla við að leggja mat á það hvort aðstoðarráðstöfun teljist yfirstandandi aðstoð í skilningi 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Ef ráðstöfun er yfirstandandi aðstoð er ekki um að ræða brot gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 sem landsdómstólum ber að bæta úr.

⁽⁹¹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 90. til 92. mgr.

⁽⁹²⁾ Sama heimild, 101. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 29. júlí 2019, *BMW gegn framkvæmdastjórninni*, C-654/17 P, EU:C:2019:634, 151. mgr.

⁽⁹³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 29. júlí 2019, *BMW gegn framkvæmdastjórninni*, C-654/17, EU:C:2019:634, 132. og 133. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 67. mgr.

⁽⁹⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 60. mgr. Dómstóllinn hefur skýrt, í þessu tilliti, að viðmið fyrir beitingu undanþágunnar verði að vera skýr og auðvelt að framfylgja þeim og staðfesting þess hjá landsdómstólum eigi ekki að útheimta flókið efnahagslegt mat í hverju máli fyrir sig (sama heimild, 61. og 68. mgr.).

⁽⁹⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 15. desember 2005, *Unicredito Italiano*, C-148/04, EU:C:2005:774, 104. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 19. mars 2015, *OTP Bank*, C-672/13, EU:C:2015:185, 77. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 104. mgr.

⁽⁹⁶⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 101. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 29. júlí 2019, *BMW gegn framkvæmdastjórninni*, C-654/17, EU:C:2019:634, 151. mgr.

- (70) EES-samningurinn veitir enga leiðsögn um flokkun á ríkisaðstoðarráðstöfun sem yfirstandandi aðstoð. Aðstæður þar sem telja ber aðstoð yfirstandandi aðstoð eru skilgreindar í ákvæðum b-liðar 1. gr. II. hluta bókunar 3 ⁽⁹⁷⁾. Bókun 3 inniheldur hins vegar engin ákvæði sem varða valdsvið og skyldur landsdómstólanna ⁽⁹⁸⁾.

4.2.3. Vernd réttinda einstaklinga sem standa frammi fyrir broti gegn biðstöðuskyldunni

- (71) Landsdómstólar geta úrskurðað um mismunandi úrbætur, eftir aðstæðum, til þess að vernda réttindi einstaklinga gagnvart ólögmati framkvæmd ríkisaðstoðar. T.d. geta þeir ákveðið að fresta eða stöðva framkvæmd ráðstöfunarinnar (undirkafla 4.2.3.1), mælt fyrir um endurheimtu fjárhæða sem þegar hafa verið greiddar út (undirkafla 4.2.3.2), eða samþykkt aðrar bráða-birgðaráðstafanir til þess að vernda að öðru leyti hagsmuni aðilanna sem um ræðir (undirkafla 4.2.3.3) ⁽⁹⁹⁾. Loks er hægt að krefjast úrskurðar þeirra um bætur vegna tjóns sem þriðju aðilar hafa orðið fyrir vegna ólögmatrar framkvæmdar ríkisaðstoðarinnar (undirkafla 4.2.3.4). Í öllu falli verða landsdómstólar að veita einstaklingum vissu fyrir því að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar, í samræmi við landsrétt þeirra, til þess að leysa úr afleiðingum brots gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 ⁽¹⁰⁰⁾.

4.2.3.1 Frestun eða stöðvun á framkvæmd ráðstöfunarinnar

- (72) Ef stjórnvöld ríkis hafa ekki enn komið til framkvæmda ríkisaðstoð sem hefur verið veitt í andstöðu við 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 verða landsdómstólar að koma í veg fyrir framkvæmdina, annað hvort með því að fresta ráðstöfuninni eða binda enda á hana. Slikt úrræði gæti líka átt við í þeim tilvikum þar sem ríkisaðstoðarráðstöfunin hefur tekið gildi, en ráðstöfunin hefur ekki verið greidd út (að fullu eða að hluta), með fyrirvara um þörf fyrir frekari úrbætur varðandi þann hluta aðstoðarinnar sem þegar hefur verið greiddur út.
- (73) Í EES-rétti er ekki kveðið á um sérstaka ályktun sem dómstólar verði nauðsynlega að draga varðandi gildi athafnarinnar um að veita hina ólögmatu aðstoð. Einungis er gerð krafa um að þeir geri virkar ráðstafanir til að hindra útgreiðslu hinnar ólögmatu aðstoðar til aðstoðarþegans. Hins vegar kunna að vera aðstæður samkvæmt reglum landsréttar þar sem unnt er að stöðva ólögmatu framkvæmd ráðstöfunarinnar með því að ógilda athöfn sem varðar veitingu aðstoðarinnar ⁽¹⁰¹⁾.
- (74) Samkvæmt því geta landsdómstólar lýst ógildan samning um veitingu aðstoðarinnar, ógilt ákvörðun stjórnvalda EES-EFTA-ríkis um veitingu aðstoðarinnar, eða frestað framkvæmd hans (t.d. í tilvikum þar sem aðstoðin er í veitt í formi aðgangs að aðstöðu eða þjónustu).

- (75) Ef aðstoðin er veitt í áföngum ættu landsdómstólar að gefa fyrirmæli um að framtíðargreiðslum sé hætt.

4.2.3.2 Endurheimta

- (76) Hafi ólögmat aðstoð þegar verið greidd aðstoðarþeganum verða landsdómstólar, að meginreglu til, og ef ekki er komin fram ákvörðun frá ESA sem lýsir yfir að aðstoð samræmist

⁽⁹⁷⁾ Ákvæði b-liðar 1. gr. og 3. mgr. 15. gr. II. hluta bókunar 3.

⁽⁹⁸⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 66. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 110. mgr. Til dæmis gildir tíu ára fyrningarfrestur um valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til þess að endurheimta aðstoð skv. 1. mgr. 15. gr. II. hluta bókunar 3, og 3. mgr. 15. gr. kveður á um að „sé fyrningarfrestur vegna aðstoðar útrunninn [skuli] lita svo á að um yfirstandandi aðstoð sé að ræða“ en þessi ákvæði mæla ekki fyrir um almenna reglu sem gildir hvað varðar landsdómstólana (sjá mgr. (82) að neðan).

⁽⁹⁹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 43. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. desember 2016, *framkvæmdastjórnin gegn Hansestadt Lübeck*, C-524/14, EU:C:2016:971, 29. mgr.

⁽¹⁰⁰⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 3. mars 2020, *Vodafone Magyarország*, C-75/18, EU:C:2020:139, 23. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 19. desember 2019, *Arriva Italia o.fl.*, C-385/18, EU:C:2019:1121, 84. mgr.

⁽¹⁰¹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 8. desember 2011, *Residex Capital IV*, C-275/10, EU:C:2011:814, 44.-47. mgr.

samningnum, að gefa fyrirmæli um fulla endurheimtu hinnar ólögmætu greiðsluupphæðar ⁽¹⁰²⁾. Afnáam aðstoðarinnar með endurheimtu er rökrétt afleiðing þess að hún er talin ólögmæt ⁽¹⁰³⁾.

- (77) Til þess að færa ástandið í sama horf og áður en aðstoðin var veitt verða landsdómstólar að afnema algerlega þann ávinning sem aðstoðarþeginn hlaut með ólögmætum hætti. Tekur slíkur ávinningur til aðstoðarinnar („höfuðstóls aðstoðarinnar“), auk vaxta sem fyrirtækið komst hjá því að greiða en hefði borið að greiða hefði það þurft að taka aðstoðarupphæðina að láni á markaði á tímabilinu þegar ólögmæt aðstoð stóð yfir, sem leiðir til bættrar samkeppnisstöðu þess á því tímabili („ólögmæt vaxtaívilnun“) ⁽¹⁰⁴⁾. Ber landsdómstólum því að gefa fyrirmæli um endurheimtu bæði höfuðstóls aðstoðarinnar og ólögmætrar vaxtaívilnunar.
- (78) Ef málsmeðferð fer fram á sama tíma fyrir landsdómstóli og ESA og ef ESA lýsir yfir að aðstoð samrýmist ekki samningnum ber landsdómstólum að leiða viðeigandi áhrif að lögum af því, í samræmi við reglur landsréttar varðandi framkvæmd ákvarðana um endurheimtu ⁽¹⁰⁵⁾.
- (79) Eins og fram kemur í mgr. (48), er einungis gerð sú krafa samkvæmt reglum EES-réttar, ef ESA lýsir yfir að aðstoðina samrýmist samningnum, að EES-EFTA-ríkin endurheimti ólögmæta vaxtaívilnun hvað varðar ólögmæta tímabilið ⁽¹⁰⁶⁾, sem stendur yfir frá greiðslu aðstoðarinnar þar til lýst er yfir að hún sé samrýmanleg.
- (80) Ef ákvörðun ESA um að aðstoðin samrýmist samningnum er ógilt, er ekki hægt að líta svo á að ESA hafi afgreitt ráðstöfunina, og framkvæmd hennar er talin ólögmæt ⁽¹⁰⁷⁾. Í því tilvikum á aðstoðarþeginn ekki rétt á því að bera fyrir sig neinar réttmætar væntingar um að aðstoðin hafi verið lögmæt, enda hafi verið höfðað mál til ógildingar á hinni jákvæðu ákvörðun ⁽¹⁰⁸⁾.
- (81) Varðandi útreikning ólögmætrar vaxtaívilnunar gildir hvorki 2. mgr. 14. gr. II. hluta bókunar 3 né 9. og 11. gr. ákvörðunar nr. 195/04/COL) ⁽¹⁰⁹⁾ um endurheimtu EES-EFTA-ríkis á ólögmætri aðstoð ef ekki liggur fyrir ákvörðun af hálfu ESA um endurheimtu. Í þeim tilvikum verða stjórnvöld EES-EFTA-ríkis sem um ræðir að reikna ólögmæta vaxtaívilnun í samræmi við gildandi reglur landsréttar, að því tilskildu að tvö skilyrði séu uppfyllt. Í fyrsta lagi verða reglurnar að virða jafngildisregluna og skilvirkniregluna (sjá undirkafla 2.2), og í öðru lagi verður, að lágmarki, að reikna ólögmæta vaxtaívilnun með sömu vaxtaþrósentu og hefði gilt ef aðstoðarþeginn hefði þurft að fá upphæð aðstoðarinnar sem um ræðir að láni á markaði á viðkomandi tímabili ⁽¹¹⁰⁾.

⁽¹⁰²⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. júlí 2005, *Xunta de Galicia*, C-71/04, EU:C:2005:493, 49. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 40. og 68. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 1991, *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. Frakklandi*, C-354/90, EU:C:1991:440, 12. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 8. desember 2011, *Residex Capital IV*, C-275/10, EU:C:2011:814, 43. mgr.

⁽¹⁰³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. desember 2016, *framkvæmdastjórnin gegn Aer Lingus*, C-164/15 P og C-165/15 P, EU:C:2016:990, 116. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 19. mars 2015, *OTP Bank*, C-672/13, EU:C:2015:185, 70. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 8. desember 2011, *Residex Capital IV*, C-275/10, EU:C:2011:814, 33. mgr. Dómur EFTA-dómstólsins frá 8. apríl 2013, *Hurtigruten ASA, Konungsríkið Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, mál E-10/11, E-11/11, EFTA Ct. Rep. [2012] bls. 758, 283. og 284. mgr.; dómur EFTA-dómstólsins frá 21. júlí 2005, *Fesil ASA and Finnjorð Smelteverk AS* (mál E-5/04), *Prosessindustriens Landsforening o.fl.* (mál E-6/04), *Konungsríkið Noregur* (mál E-7/04) gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*, EFTA [2005] Ct. Rep. bls. 117, 178. mgr. Dómur EFTA-dómstólsins frá 29. júlí 2016, *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi*, mál E-25/15, EFTA Ct. Rep. [2016] bls. 631, 43. mgr.

⁽¹⁰⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 132. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 8. desember 2011, *Residex Capital IV*, C-275/10, EU:C:2011:814, 39. mgr.

⁽¹⁰⁵⁾ [...].

⁽¹⁰⁶⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 134. mgr.

⁽¹⁰⁷⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 12. febrúar 2008, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-199/06, EU:C:2008:79, 63. mgr.

⁽¹⁰⁸⁾ Sama heimild, 68. mgr.

⁽¹⁰⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1). Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn í 2. lið í II. viðauka samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2005 frá 30. september 2005 (Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 66, 22.12.2005, bls. 18).

⁽¹¹⁰⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 141. mgr.

- (82) Að því er varðar fyrningarfrest sem gildir um valdheimildir landsdómstóla til að gefa fyrirmæli um endurheimtu hafa dómstólar EES úrskurðað að tíu ára fyrningarfresturinn sem kveðið er á um í málsmeðferðarreglugerðinni og II. hluta bókunar 3 gildi einvörðungu hvað varðar framkvæmdastjórnina og ESA ⁽¹¹¹⁾. Ef réttarforsreglur landsréttar kveða á um lengri fyrningarfrest verður innlendur dómari að úrskurða um endurheimtu aðstoðar sem veitt var í andstöðu við biðstöðuskylduna, jafnvel eftir að fyrningarfresturinn sem gildir um heimildir ESA sé liðinn. Innlendir fyrningarfrestir styttri en tíu ár eru einnig bindandi gagnvart landsdómstólum, nema fyrir liggi ákvörðun ESA um endurheimtu ⁽¹¹²⁾. Samþykki ESA ákvörðun um endurheimtu geta EES-EFTA-ríkin ekki réttlætt vanefnd sína á að framfylgja þeirri ákvörðun á grundvelli reglna í landsrétti, s.s. reglna um fyrningarfresti ⁽¹¹³⁾.

4.2.3.3 Bráðabirgðaráðstafanir

- (83) Hluti af skyldum landsdómstóla skv. 3. mgr. 1. gr. II. hluta bókunar 3 felst í því að þeim ber að gera bráðabirgðaráðstafanir þar sem við á til að standa vörð um réttindi einstaklinga og virkni 3. mgr. 1. gr. II. hluta bókunar 3 eins og hún hefur verið tekin upp í landsrétt ⁽¹¹⁴⁾. Landsdómstólar úrskurða um þessar ráðstafanir, sem miða að því að útrýma samkeppnishamlandi áhrifum aðstoðarinnar til bráðabirgða ⁽¹¹⁵⁾, í samræmi við reglur landsréttar, að því tilskildu að skilyrði jafngildisreglunnar og skilvirknireglunnar séu uppfyllt (sjá undirkafla 2.2).
- (84) Landsdómstólar geta mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir þar sem aðstoð sem talin er ólögmat hefur þegar verið greidd ⁽¹¹⁶⁾ eða er til greiðslu. Í fyrra tilvikinu geta landsdómstólar annað hvort gefið fyrirmæli um endurgreiðslu aðstoðarinnar ásamt ólögmatissvöxtum, eða yfirfærslu aðstoðarinnar til bráðabirgða, ásamt vöxtum fyrir tímabilið frá því að aðstoðin var framkvæmd og þar til hún var yfirfærð, á lokaðan reikning. Tryggja þessar leiðir að ávinningurinn sem tengist aðstöðinni sem talin er ólögmat sé ekki lengur til ráðstöfunar fyrir aðstoðarþegann. Ef hætta er á því að greiðsla sé yfirvofandi getur dómstóllinn gefið út bráðabirgðaúrskurð sem kemur í veg fyrir útgreiðslu aðstoðarinnar sem talin er ólögmat þar til leyst hefur verið úr málinu efnislega ⁽¹¹⁷⁾.
- (85) Yfirstandandi rannsókn af hálfu ESA leysir landsdómstóllinn ekki undan skyldu sinni til að vernda réttindi einstaklinga skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 ⁽¹¹⁸⁾. Landsdómstóllinn getur því beitt viðeigandi bráðabirgðaráðstöfunum sem leið til þess að mæta afleiðingum mögulegs brots gegn biðstöðuskyldunni.

⁽¹¹¹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 61. mgr.

⁽¹¹²⁾ Sama heimild, 71. til 75. mgr.

⁽¹¹³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 20. mars 1997, *Land Rheinland-Pfalz gegen Alcan Deutschland*, C-24/95, EU:C:1997:163, 34. til 37. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 29. mars 2012, *framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu*, C-243/10, EU:C:2012:182, 35. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 30. apríl 2020, *Nelson Antunes da Cunha*, C-627/18, EU:C:2020:321, 60. mgr.

⁽¹¹⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 1991, *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn Frakklandi*, C-354/90, EU:C:1991:440, 12. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. desember 2016, *framkvæmdastjórnin gegn Hansestadt Lübeck*, C-524/14 P, EU:C:2016:971, 29. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 52. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. október 2006, *Transalpine Ölleitung in Österreich*, C-368/04, EU:C:2006:644, 46. mgr.

⁽¹¹⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 52. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. október 2006, *Transalpine Ölleitung in Österreich*, C-368/04, EU:C:2006:644, 46. mgr.

⁽¹¹⁶⁾ Greint var frá áhugaverðum úrskurði fransks dómstóls í framhaldi af neikvæðri ákvörðun af hálfu framkvæmdastjórnarinnar í úttektinni á framfylgd aðildarríkjanna: til þess að vega upp á móti sjálfvirkum frestunaráhrifum þess að áfrýja úrskurði um endurheimtu gaf landsdómstóllinn aðstoðarþeganum fyrirmæli um að greiða gjaldfallnar upphæðir inn á lokaðan reikning. Með því beitti dómstóllinn ákvæði í frönskum lögum þar sem bráðabirgðagreiðsla er heimiluð í tilvikum þar sem ekki er hægt að draga greiðsluskylduna stórlega í efa. Sjá viðauka 3: skýrslur ríkja í „Endanlegri úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla á aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, bls. 156, ágríp af málinu FR8: *Cour administrative d'appel de Bordeaux*, 10. desember 2015.

⁽¹¹⁷⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 26. október 2016, *DEI og framkvæmdastjórnin gegn Alouminion tis Ellados*, C-590/14 P, EU:C:2016:797, 101. mgr. Úttektin á framfylgd EES-EFTA-ríkjanna leiddi í ljós að engin réttarframkvæmd liggur fyrir um bráðabirgðaráðstafanir í EES-EFTA-ríkjunum.

⁽¹¹⁸⁾ Landsdómstólar geta líka gripið til þess að gera ráðstafanir til bráðabirgða meðan beðið er álits eða upplýsinga frá ESA, eða dóms frá landsdómstóli á æðra dómstigi, eða frá EFTA-dómstólum.

- (86) Landsdómstólum ber skylda til þess að úrskurða um bráðabirgðaráðstafanir ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: a) enginn vafi er á því að ríkisaðstoð sé fyrir hendi; b) aðstoðin er við það að koma til framkvæmda eða hefur verið framkvæmd, og c) engar sérstakar aðstæður eru til staðar sem myndu leiða til þess að endurheimta ætti ekki við ⁽¹¹⁹⁾.

4.2.3.4 Mál til heimtu skaðabóta

- (87) Einnig er það þáttur í hlutverki landsdómstóla skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 að leysa úr kröfum um skaðabætur vegna tjóns þriðja aðila af völdum ólögmatrar ríkisaðstoðar. Gangi slíkar kröfur eftir fá tjónþolarnir beinar fjárhagslegar bætur vegna taps sem þeir hafa orðið fyrir.
- (88) Evrópudómstóllinn hefur ítrekað slegið því föstu að þriðju aðilar sem aðstoð hefur bitnað á geti höfðað skaðabótamál fyrir landsdómstólum, í samræmi við reglur landsréttar ⁽¹²⁰⁾, sem ber að hlíta jafngildisreglunni og skilvirknireglunni (sjá undirkafla 2.2).
- (89) [...] ⁽¹²¹⁾ [...] ⁽¹²²⁾. Samkvæmt fordæmi EFTA-dómstólsins í máli *Erlu María Sveinbjörnsdóttur* ⁽¹²³⁾, ber EES-EFTA-ríkjunum að bæta skaða sem einstaklingar verða fyrir vegna brota gegn reglum EES-réttar sem ríkið ber ábyrgð á ⁽¹²⁴⁾. Slík skaðabótaskylda er fyrir hendi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: a) reglunni sem brotið er gegn er ætlað að veita einstaklingum tiltekin réttindi; b) brotið er nægilega alvarlegt, og c) beint orsakasamband er milli brots á skyldu EES-EFTA-ríkisins og skaða tjónþola ⁽¹²⁵⁾.
- (90) Fyrstu tvö skilyrðunum sem sett eru fram í mgr. (89) er almennt fullnægt að því er varðar brot gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Evrópudómstóllinn hefur staðfest tilvist réttinda einstaklinga samkvæmt þessu ákvæði og gert ljóst að vernd þessara réttinda sé sannarlega hlutverk landsdómstóla ⁽¹²⁶⁾.
- (91) Þar sem EES-EFTA-ríkjunum er að sama skapi skylt, að meginreglu til, að tilkynna ríkisaðstoðarráðstafanir áður en þær eru framkvæmdar, er brot gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 í flestum tilvikum nægilegt til þess að sýnt sé fram á að um sé að ræða alvarlegt brot, samkvæmt dómaframkvæmd dómstóla EES. Þar sem ríkisaðstoð er til staðar geta stjórnvöld EES-EFTA-ríkja yfirleitt ekki haldið því fram að þau hafi ekki verið sér meðvitandi um biðstöðuskylduna,

⁽¹¹⁹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. mars 2010, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-1/09, EU:C:2010:136, 36. mgr.; úrskurður Almenna dómstólsins frá 3. mars 2015, *Gemeente Nijmegen* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-251/13, EU:T:2015:142, 45. mgr.

⁽¹²⁰⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 12. febrúar 2008, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-199/06, EU:C:2008:79, 55. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. október 2006, *Transalpine Ölleitung in Österreich*, C-368/04, EU:C:2006:644, 56. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 75. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 56. mgr.

⁽¹²¹⁾ [...].

⁽¹²²⁾ [...].

⁽¹²³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 13. júní 2006, *Traghetti del Mediterraneo*, C-173/03, EU:C:2006:391, 41. mgr. [...].

⁽¹²⁴⁾ [...]. Dómur EFTA-dómstólsins frá 10. desember 1998 í máli E-9/97 *Erla María Sveinbjörnsdóttir* EFTA Ct. Rep. [1998] bls. 95, 62.-63. mgr., frá 30. maí 2002 í máli E-4/01 *Karl K. Karlsson* gegn *Íslenska ríkinu* [2002] EFTA Ct. Rep. 240, 25. mgr., frá 20. júní 2008 í máli E-8/07 *Celina Ngyen* gegn *Staten v/Justis- og politidepartementet* [2008] EFTA Ct. Rep. 224, 31. mgr., og frá 11. desember 2012 í máli E-2/12 *HOB vín ehf.* gegn *Áfengis-og tóbaksverslun ríkisins* [2012] EFTA Ct. Rep. 1092, 119. mgr.

⁽¹²⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 13. júní 2006, *Traghetti del Mediterraneo*, C-173/03, EU:C:2006:391, 45. mgr., og dómur EFTA-dómstólsins frá 10. desember 1998 í máli E-9/97, *Erla María Sveinbjörnsdóttir*, EFTA Ct. Rep. [1998] bls. 95, 66. mgr.

⁽¹²⁶⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 1991, *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl.* gegn *Frakklandi*, C-354/90, EU:C:1991:440, 12. til 14. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. október 2003, *van Calster and Cleeren*, C-261/01 og C-262/01, EU:C:2003:571, 53. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 12. febrúar 2008, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-199/06, EU:C:2008:79, 38. mgr.

þar sem næg dómafordæmi og leiðsögn frá ESA er fyrir hendi um beitingu 1. mgr. 61. gr. og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Ef vafi er uppi og í þágu réttaröryggis geta EES-EFTA-rikin ávallt tilkynnt ráðstöfunina til ESA áður en hún kemur til framkvæmda ⁽¹²⁷⁾.

- (92) Unnt er að uppfylla þriðja skilyrðið sem sett er fram í mgr. (89), að brot gegn EES-rétti þurfi að hafa orsakað raunverulegt og tiltekið fjárhagslegt tjón fyrir tjónþolann, með ýmsum hætti. Í úttektinni á framfylgd aðildarríkjanna var vísað til þess að landsdómstólar hafi sjaldan dæmt bætur og tekið fram að tölulegt gildi tjóns og að sýnt sé fram á orsakatengsl milli tjóns og ólögmætrar aðstoðar sé meiriháttar hindrun fyrir tjónþola ⁽¹²⁸⁾. Hefur úttektin á framfylgd EES-EFTA-ríkjanna leitt í ljós að til þessa hafi landsdómstólar í EES-EFTA-rikin aldrei dæmt skaðabætur.
- (93) Tjónþolar færa oft fram þær röksemdir að aðstoðin hafi með beinum hætti orsakað hagnaðarmissi. Þegar slíkar kröfur eru lagðar fram ættu landsdómstólar að hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum:
- (a) í krafti lagaskilyrða EES um jafngildi og skilvirkni mega reglur landsréttar ekki útiloka skaðabótaskyldu EES-EFTA-ríkis vegna hagnaðarmissis ⁽¹²⁹⁾. Væri slíkt útilokunarákvæði að finna í landsrétti ætti landsdómstóllinn að láta hjá líða að beita ákvæðinu hvað varðar skaðabótakröfur vegna brots gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3,
 - (b) auðveldara er að ákvarða fjárhæð hagnaðarmissis ef ólögmæt aðstoð gerði aðstoðarþeganum kleift að ná samningi eða tilteknu viðskiptatækifæri af tjónþolanum og aðstoðarþeginn hefur þegar nýtt hið síðara,
 - (c) flóknara mat á tjóni þarf að fara fram ef aðstoðin leiðir einungis til tapaðrar markaðshlutdeildar. Ein möguleg leið til þess að fjalla um slík mál er að bera raunverulegar tekjur tjónþolans (á grundvelli rekstrarreiknings) saman við tilbúið dæmi um tekjur ef ólögmæta aðstoðin hefði ekki verið veitt ⁽¹³⁰⁾.
 - (d) aðstæður geta verið fyrir hendi þar sem skaði sem tjónþoli verður fyrir er umfram hagnaðarmissi. Dæmi um það er ef tjónþoli neyðist til að hætta starfsemi vegna hinnar ólögmætu aðstoðar.
- (94) Stundum heimila innlendar réttarfarsreglur landsdómstólum að leita álits sérfræðinga í því skyni að ákvarða raunverulega fjárhæð skaðabóta. Þegar það er raunin, og að því tilskildu að

⁽¹²⁷⁾ Í sumum tilvikum hafa dómstólar EES talið að til þess að ákvarða hvort það eitt að EES-ríki hafi brotið gegn EES-rétti teljist nægilega alvarlegt brot verði landsdómstólar að taka mið af nokkrum þáttum, s.s. hvort viðkomandi brot sé vegna lögvillu, eða þeirri staðreynd að afstaða stofnunar innan EES geti hafa átt þátt í að brotið átti sér stað. Sjá í þessu sambandi dóm Evrópudómstólsins frá 25. janúar 2007, *Robins o.fl.*, C-278/05, EU:C:2007:56, 71. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 4. júlí 2000, *Haim*, C-424/97, EU:C:2000:357, 38. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 23. maí 1996, *The Queen gegen Ministry of Agriculture, Fisheries and Food, ex parte Hedley Lomas (Ireland)*, C-5/94, EU:C:1996:205, 28. mgr.

⁽¹²⁸⁾ Í sumum málum hafi landsdómstólar hins vegar fallist á meginregluna um ábyrgð ríkisins. Sjá í þessu sambandi stjórnslutdómstól Marseille, *CTC gegn Corsica Ferries France*, 12. febrúar 2018; Rapport d'expertise, *CTC gegn Corsica Ferries France*, 28. febrúar 2019, N/REF: 500060, 3. viðauka: skýrslur ríkja í „Endanlegri úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, bls. 152.

⁽¹²⁹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 1996, *Brasserie du pêcheur gegn Sambandsríkinu Þýskalandi og The Queen / Secretary of State for Transport, ex parte Factortame o.fl.*, C-46/93 og C-48/93, EU:C:1991:428, 87. og 90. mgr.

⁽¹³⁰⁾ Greint var frá áhugaverðu máli í úttektinni á framfylgd aðildarríkjanna þar sem franskur stjórnslutdómstóll ákvað, í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar sem mælti fyrir um endurheimtu ósamrýmanlegrar aðstoðar, að dæma helsta keppinauti aðstoðarþegans skaðabætur vegna taps á markaðshlutdeild. Áfrýjunardómstóllinn ómerkti að hluta fyrri dóm um mat á skaðabótum og kvaddi í framhaldinu til sjálfstæðan sérfræðing til þess að reikna bótafjárhæð út nákvæmlega. Kannaði sérfræðingurinn þann fjölda viðskiptavina sem hafði flutt sig frá kvartanda til aðstoðarþegans vegna hinnar ósamrýmanlegru aðstoðar og mat umfang þeirra tekna sem töpuðust í kjölfarið. Slík greining á umfangi er oft flókin og ræðst af einkennum viðkomandi markaðar og fjölda keppinauta. Sjá viðauka 3: skýrslur ríkja í „Endanlegri úttekt á framfylgd ríkisaðstoðarreglna og úrlausnum dómstóla í aðildarríkjunum (COMP/2018/001)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, bls. 152, ágríp af málinu FR6: Tribunal administratif de Bastia, 23. febrúar 2017. Sjá einnig stjórnslutdómstól Marseille, *CTC gegn Corsica Ferries France*, 12. febrúar 2018; Rapport d'expertise, *CTC gegn Corsica Ferries France*, 28. febrúar 2019, N/REF: 500060.

skilvirknireglan⁽¹³¹⁾ sé virt, væri notkun slíkra matsgerða einnig möguleiki vegna skaðabótakrafna sem stofnast á grundvelli 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 eins og hún er innleidd í landsrétt.

- (95) Möguleikinn á því að hafa uppi skaðabótakröfu er í grundvallaratriðum óháður því að samhliða rannsókn af hálfu ESA standi yfir á sömu aðstoðarráðstöfun. Yfirstandandi rannsókn af hálfu ESA leysir landsdómstóla ekki undan þeirri skyldu að standa vörð um réttindi einstaklinga skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3⁽¹³²⁾. Þar sem mögulegt er að tjónþolar geti sýnt fram á að þeir hafi orðið fyrir skaða vegna ótímabærrar framkvæmdar aðstoðarinnar, og, nánar tiltekið, vegna ólögsmæts ávinnings aðstoðarþegans á tímabili aðstoðarinnar, er ekki útilokað að skaðabótakröfur nái fram að ganga þar sem ESA hefur þegar lýst yfir að aðstoðin sé samrýmanleg áður en landsdómstóllinn kemst að niðurstöðu⁽¹³³⁾.
- (96) Evrópudómstóllinn hefur minnt á að lagalegt eðli ríkisaðstoðar sé í grundvallaratriðum frábrugðið lagalegu eðli skaðabóta sem innlendum stjórnvöldum kann að vera gert að greiða einstaklingum vegna tjóns sem þau hafa valdið (dómaframkvæmd í *Asteris*-málunum)⁽¹³⁴⁾. Þegar úrskurðað er um bætur til þriðju aðila, hins vegar, vegna kostnaðar sem hlotist hefur og er bein afleiðing ólögsmætrar aðstoðar, verða landsdómstólar að gæta þess að dæma ekki þannig að það jafngildi veitingu aðstoðar eða⁽¹³⁵⁾ valdi því að hópur aðstoðarþega stækkar⁽¹³⁶⁾.
- (97) Þó að einstaklingar geti krafist þess fyrir landsdómstólum að þeim séu greiddar skaðabætur sem þeir telja sig eiga tilkall til, getur slíkur málarekstur ekki leitt til þess að með því sé farið í kringum skilvirka beitingu ríkisaðstoðarreglna EES⁽¹³⁷⁾. Einstaklingar sem gætu átt rétt á því samkvæmt reglum landsréttar að hljóta aðstoð sem ekki hefur verið tilkynnt til ESA eða hlotið samþykki eftirlitsstofnunarinnar, en sem hafa ekki hlotið aðstoðina, geta t.d. ekki krafist skaðabóta sem jafngilda upphæð aðstoðarinnar sem ekki var veitt, þar sem það myndi teljast veiting óbeinnar ólögsmætrar aðstoðar⁽¹³⁸⁾. Af þessu leiðir að dómaframkvæmdin í *Asteris*-málunum varðar ekki mál þar sem stefnandi krefst þess að landsdómstóll dæmi honum fyrri ríkisaðstoð sem hann hlaut ekki af einhverjum ástæðum⁽¹³⁹⁾.

⁽¹³¹⁾ Sjá undirkafla 2.2.

⁽¹³²⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 44. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 57. til 58. mgr.

⁽¹³³⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 12. febrúar 2008, *CELF et ministre de la Culture et de la Communication*, C-199/06, EU:C:2008:79, 53. og 55. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 60. mgr.

⁽¹³⁴⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 27. september 1988, *Asteris o.fl.* gegn *Grikklandi og EBE*, C-106 til 120/87, EU:C:1988:457, 23. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. desember 2016, *framkvæmdastjórnin* gegn *Aer Lingus*, C-164/15 P og C-165/15 P, EU:C:2016:990, 72. mgr.

⁽¹³⁵⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/201/ESB frá 2. október 2013 um greiðslu bóta til SIMET SpA vegna þjónustu á sviði almenningssamgangna 1987 og 2003 (ríkisaðstoðarráðstöfun SA.33037 (2012/C) Ítalía) (Stjtið. ESB 2014. L 114, bls. 67), sem staðfest var hvað þetta atriði varðar í dómi Almenna dómstólsins frá 3. mars 2016, *Simet* gegn *framkvæmdastjórninni*, mál T-15/14, EU:T:2016:124, 102. til 104. mgr. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1470 frá 30. mars 2015 varðandi ríkisaðstoð SA.38517 (2014/C) (áður 2014/NN) af hálfu Rúmeníu — Gerðardómur Micula gegn Rúmeníu frá 11. desember 2013 (Stjtið. ESB L 232, 4.9.2015, bls. 43), ógilt með dómi Almenna dómstólsins frá 18. júní 2019, *European Food o.fl.* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-624/15, EU:T:2019:423, sem sætir sem stendur endurskoðun hjá Evrópudómstólum í máli C-638/19 P, *framkvæmdastjórnin* gegn *European Food o.fl.*

⁽¹³⁶⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. október 2006, *Transalpine Ölleitung in Österreich*, C-368/04, EU:C:2006:644, 57. mgr.

⁽¹³⁷⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 29. júní 2004, *framkvæmdastjórnin* gegn *ráðinu*, C-110/02, EU:C:2004:395, 43. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 18. júlí 2007, *Lucchini*, C-119/05, EU:C:2007:434, 59. til 63. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 11. nóvember 2015, *Klausner Holz Niedersachsen*, C-505/14, EU:C:2015:742, 42. til 44. mgr.

⁽¹³⁸⁾ Sjá einnig í þessu sambandi álit Ruiz-Jarabo Colomer lögsögumanns frá 28. apríl 2005 í sameinuðum málum C-346/03 og C-529/03 *Atzeni o.fl.*, EU:C:2005:256, 198. mgr.

⁽¹³⁹⁾ Þess í stað varðar dómaframkvæmdin í *Asteris* mál þar sem stefnandi fer einfaldlega fram á bætur (t.d. að bætt sé úr skaða sem opinber yfirvöld ollu með ólögsmætum hætti) sem einstaklingur í sambærilegri stöðu myndi eiga rétt á í því EES-riki. Í síðara tilvikinu breytir sú staðreynd ein að varnaraðili sé opinber aðili ekki þeim bótum í ríkisaðstoð sem málsaðili í svipaðri stöðu, t.d. svipuðum málarekstri milli tveggja einkaaðila, hefði fengið dæmdar.

- (98) Aðstoðarþegar ólögmatrar aðstoðar hafa stundum reynt að krefjast skaðabóta af ríkinu eftir að hafa fengið fyrirmæli um að endurgreiða upphæðina. Halda aðstoðarþegarnir yfirleitt fram röksemdum í þá veru að gengið hafi verið gegn réttmætum væntingum þeirra. Evrópudómstóllinn hefur samt sem áður talið að veiting ólögmatrar aðstoðar geti ekki skapað réttmætar væntingar fyrir aðstoðarþegann, sem eigi að geta ákvarðað hvort rétt hafi verið staðið að því að veita aðstoðina ⁽¹⁴⁰⁾. Því beri að hafna kröfum þeirra.
- (99) Viðurkennt hefur verið í dómaframkvæmd að í EES-rétti sé til staðar réttur þriðju aðila til að sækja skaðabætur á hendur viðkomandi EES-ríki vegna skaða sem þeir hafi orðið fyrir af völdum ólögmatrar framkvæmdar ríkisaðstoðar og einnig er heimilt að höfða skaðabótamál gegn aðstoðarþegum, en ekki er gerð krafa um það í reglum ríkisaðstoðarréttar þar sem 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 leggja engar beinar skyldur á aðstoðarþega. Í dómi sínum í „*SFET*“ málinu var það niðurstaða Evrópudómstólsins að þar sem 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3) leggi engar beinar skyldur á aðstoðarþegann sé brot á því ákvæði ekki nægilegur grundvöllur þess að aðstoðarþeginn baki sér bótaábyrgð ⁽¹⁴¹⁾. Er það með fyrirvara um möguleika á að höfða skaðabótamál gegn aðstoðarþeganum á grundvelli landsréttar, t.d. ákvæða sem gilda um skaðabætur utan samninga ⁽¹⁴²⁾.

5. SAMSTARF MILLI ESA OG LANDSDÓMSTÓLA

- (100) ESA ber að liðsinna landsdómstólum við að uppfylla mikilvægt hlutverk þeirra í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna skv. 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Að sama skapi geta landsdómstólar leitað eftir aðstoð ESA þegar þeir beita þessum reglum í tengslum við yfirstandandi málarekstur. Náð samstarf milli landsdómstóla og ESA er þáttur í aukinni samkvæmni ⁽¹⁴³⁾ og skilvirkni við beitingu ríkisaðstoðarreglna á EES-svæðinu.

5.1. Aðstoð ESA við landsdómstóla

- (101) Þegar ESA veitir landsdómstólum aðstoð verður eftirlitsstofnunin að virða þagnarskyldu sína og standa vörð um eigin starfsemi og sjálfstæði ⁽¹⁴⁴⁾. Þegar ESA uppfyllir skyldu sína skv. 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól er eftirlitsstofnunin skuldbundin til þess að gæta hlutleysis og hlutlægni. Getur ESA beðið landsdómstóla að afhenda upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að veita umbeðna aðstoð. Þegar ESA veitir landsdómstólum aðstoð er það ekki ætlað til þess að þjóna einkahagsmunum málsaðilanna. Þáttur ESA er öllu heldur liður í skyldu eftirlitsstofnunarinnar til að tryggja að ríkisaðstoðarreglum sé framfylgt með réttum hætti og verja almannahagsmunum ⁽¹⁴⁵⁾. Því mun ESA ekki hlýða á málflutning aðilanna sem eiga hlut að málarekstri fyrir landsdómstólum.
- (102) Stuðningur sem veittur er landsdómstólum á grundvelli 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól er með fyrirvara um möguleika ⁽¹⁴⁶⁾ landsdómstóla

⁽¹⁴⁰⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 98. til 104. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 15. desember 2005, *Unicredito Italiano*, C-148/04, EU:C:2005:774, 104. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 19. mars 2015, *OTP Bank*, C-672/13, EU:C:2015:185, 77. mgr.

⁽¹⁴¹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 72. til 74. mgr.

⁽¹⁴²⁾ [...].

⁽¹⁴³⁾ [...].

⁽¹⁴⁴⁾ Úrskurður Evrópudómstólsins frá 6. desember 1990, *Zwartveld o.fl.*, C-2/88 Imm., EU:C:1990:440, 10. og 11. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 18. september 1996, *Postbank* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-353/94, EU:T:1996:119, 93. mgr.

⁽¹⁴⁵⁾ [...].

⁽¹⁴⁶⁾ Sjá dóm Evrópudómstólsins frá 6. október 1982, *CILFIT v Ministero della Sanità*, C-283/81, EU:C:1982:335, 14. til 20. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 11. september 2008, *Unión General de Trabajadores de la Rioja*, C-428/06 til C-434/06, EU:C:2008:488, 42. til 43. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 28. júlí 2016, *Association France Nature Environnement*, C-379/15, EU:C:2016:603, 47. til 50. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 15. september 2016, *PGE*, C-574/14, EU:C:2016:686, 40. mgr.; dóm Evrópudómstólsins frá 4. október 2018, *framkvæmdastjórnin* gegn *Frakklandi (Advance Payment)*, C-416/17, EU:C:2018:811, 108. mgr. og áfram.

til að leita eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins⁽¹⁴⁷⁾ um túlkun EES-réttar í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól⁽¹⁴⁸⁾. [...] ⁽¹⁴⁹⁾.

5.1.1. Leiðir til samstarfs

- (103) Ákvæði 3. gr. EES-samningsins, sem er sett með fyrirmynd í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, leggur þá skyldu á samningsaðila að þeir geri allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við skuldbindingar sem leiðir af EES-samningnum og varast ráðstafanir sem geta teft í tvísýnu að markmiðum EES-samningsins verði náð, og að auðvelda samvinnu innan ramma samningsins. Enn fremur leggur 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól skyldu á EES-EFTA-ríkin að gera allar viðeigandi ráðstafanir, hvort heldur þær eru almennar eða sérstakar, til að tryggja að skuldbindingarnar sem leiðir af samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól séu uppfylltar og varast ráðstafanir sem geta teft því í tvísýnu að markmiðum samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól verði náð. (*) (**) (***) Útskýrt er nánar í undirköflum 5.1.1.1, 5.1.1.2 og 5.1.1.3 í þessum leiðbeinandi reglum hvaða mismunandi leiðir eru til samstarfs.

5.1.1.1. Afhending upplýsinga til landsdómstóla

- (104) Landsdómstólar geta óskað eftir því að ESA afhendi þeim upplýsingar sem eftirlitsstofnunin hefur undir höndum⁽¹⁵⁰⁾.
- (105) Landsdómstólar geta óskað eftir því að ESA veiti upplýsingar um yfirstandandi málsmeðferð varðandi ríkisaðstoð hjá eftirlitsstofnuninni. Felur það t.d. í sér upplýsingar um: a) hvort málsmeðferð sem varðar ríkisaðstoðarráðstöfun sé yfirstandandi hjá ESA; b) hvort EES-EFTA-ríki hafi með réttu tilkynnt tiltekna aðstoð í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3; c) hvort ESA hafi hafið formlega rannsókn, og d) hvort ESA hafi þegar tekið ákvörðun⁽¹⁵¹⁾.
- (106) Einnig geta landsdómstólar óskað eftir því að ESA afhendi skjöl sem eftirlitsstofnunin hefur undir höndum. Getur verið um að ræða afrit af fyrirliggjandi ákvörðunum ESA ef þær ákvarðanir hafa ekki þegar verið birtar á vefsetri ESA, gögn um málsatvik, töluleg gögn, markaðsrannsóknir og efnahagslegar greiningar.
- (107) Meginreglan um samstarf af heilindum sem 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól hafa að geyma gerir ESA að veita landsdómstólum hvaða upplýsingar sem þeir kunna að óska eftir⁽¹⁵²⁾. Á það einnig við um upplýsingar sem eru bundnar þagnarskyldu.
- (108) Þegar ESA afhendir landsdómstólum upplýsingar þarf stofnunin að gæta þess trúnaðar sem einstaklingar og lögaðilar njóta samkvæmt 122. gr. EES-samningsins og 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól⁽¹⁵³⁾. Ákvæði 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól kemur í veg fyrir að embættismenn og aðrir starfsmenn ESA veiti upplýsingar sem falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Getur verið um að ræða trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál.

⁽¹⁴⁷⁾ Beiðnir um upplýsingar eða álit hafa þann kost að vera ekki jafn formbundnar og ávallt hægt að leita eftir ráðgefandi áliti þeim til fyllingar – sjá, í því sambandi, dóm Evrópuðómstólsins frá 28. október 2020, *INAIL*, C-608/19, EU:C:2020:865, þar sem báðir möguleikar voru nýttir.

⁽¹⁴⁸⁾ Dómur Evrópuðómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 44. mgr.; dómur Evrópuðómstólsins frá 15. september 2016, *PGE*, C-574/14, EU:C:2016:686, 40. mgr.

⁽¹⁴⁹⁾ [...].

(*) Þrjár helstu leiðir til samstarfs milli Evrópusambandsins og aðildarríkja ESB hafa nú verið festar í lög með 29. gr. endurskoðaðrar málsmeðferðarreglugerðar (2015/1589) sem ekki hefur verið tekin upp í EES-samninginn.

(**) Mál C-39/94 *SFEI o.fl.*, 50. mgr.; úrskurður frá 13. júlí 1990 í máli C-2/88 *Imm. Zwartveld o.fl.* [1990] ECR I-3365, 16. til 22. mgr.; og mál C-234/89 *Delimitis* gegn *Henninger Bräu* [1991] ECR I-935, 53. mgr.

(***) Mál C-94/00 *Roquette Frères* [2002] ECR I-9011, 31. mgr.

⁽¹⁵⁰⁾ [...].

⁽¹⁵¹⁾ Við móttöku þessara upplýsinga getur landsdómstóll sem lagt hefur fram beiðnina óskað eftir nýjustu upplýsingum reglulega um stöðu mála.

⁽¹⁵²⁾ Dómur Evrópuðómstólsins frá 18. september 1996, *Postbank* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-353/94, EU:T:1996:119, 64. mgr.; úrskurður Evrópuðómstólsins 13. júlí 1990, *Zwartveld o.fl.*, C-2/88 *Imm.*, EU:C:1990:315, 16. til 22. mgr.

⁽¹⁵³⁾ Dómur Evrópuðómstólsins frá 28. febrúar 1991, *Delimitis* gegn *Henninger Bräu*, C-234/89, EU:C:1991:91, 53. mgr.; dómur Evrópuðómstólsins frá 18. september 1996, *Postbank* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-353/94, EU:T:1996:119, 90. mgr.

- (109) Þegar ESA hyggst afhenda upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu til landsdómstóls mun eftirlitsstofnunin fara fram á að landsdómstóllinn staðfesti að hann muni tryggja að þessar trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál njóti verndar. Ef landsdómstóllinn veitir slíka tryggingu (t.d. með vísan til lagastoðar slíkrar verndar í landsrétti), mun ESA miðla umbeðnum upplýsingum, og tilgreina þá þætti þeirra sem eru bundnir þagnarskyldu og því ekki til birtingar. Ef landsdómstóllinn getur aftur á móti ekki veitt slíka tryggingu mun ESA láta ógert að afhenda viðkomandi upplýsingar ⁽¹⁵⁴⁾.
- (110) Aðrar aðstæður geta hugsast sem koma í veg fyrir að ESA geti veitt landsdómstólum upplýsingar. Einkum gæti ESA hafnað því að afhenda dómstól í EES-EFTA-ríki upplýsingar ef það gæti orðið til þess að skerða starfsemi eða sjálfstæði ESA. Dæmi um það væri ef afhending stefndi í hættu framkvæmd þeirra verkefna sem ESA eru falin ⁽¹⁵⁵⁾ (til dæmis, upplýsingar sem varða ákvarðanatökufæri innan ESA).
- (111) Til þess að tryggja skilvirkni í samstarfi við landsdómstóla leitast ESA við að veita landsdómstólum umbeðnar upplýsingar innan eins mánaðar frá dagsetningu beiðni þar að lútandi. Þurfi ESA að biðja landsdómstóla um frekari skýringar á upphaflegri beiðni eða ráðfæra sig við þriðju aðila sem afhending upplýsinganna varðar beint, byrjar mánaðarfresturinn að líða að nýju þegar skýring hefur fengist eða samráði lýkur ⁽¹⁵⁶⁾.

5.1.1.2. Afhending álitá um beitingu ríkisaðstoðarreglna

- (112) Skv. 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól geta landsdómstólar leitað eftir álitum frá ESA vegna spurninga sem varða beitingu ríkisaðstoðarreglna ⁽¹⁵⁷⁾.
- (113) Þegar reglum um ríkisaðstoð er beitt í málum sem rekin eru fyrir landsdómstólunum verða þeir að gæta að öllum gildandi EES-reglum sem við eiga og dómaframkvæmd dómstóla EES. Með fyrirvara um að túlkun á EES-samningnum sé endanlega í höndum dómstóla EES geta landsdómstólar leitað leiðsagnar um beitingu ríkisaðstoðarreglna í fyrri ákvörðunum ESA, auk viðeigandi auglýsinga og leiðbeininga ESA. Einnig geta landsdómstólar leitað leiðsagnar varðandi eldri álit ESA sem birt eru á vefsetri ESA þegar álitæfnin sem um ræðir fela í sér hliðstæður við úrlausnarefni sem aðrir landsdómstólar standa frammi fyrir ⁽¹⁵⁸⁾.
- (114) Hins vegar geta verið aðstæður fyrir hendi þar sem fyrri ákvarðanir ESA eða álit og auglýsingar og leiðbeinandi reglur ESA veita landsdómstólunum ekki nægilega leiðsögn. Í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum sem 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól hefur að geyma, og í ljósi lykilhlutverks landsdómstóla við framfylgd ríkisaðstoðarreglna, gefur ESA landsdómstólunum kost á að leita eftir álitum frá stofnuninni um þýðingarmikil álitæfni sem varða beitingu ríkisaðstoðarreglna ⁽¹⁵⁹⁾.
- (115) Álitsbeiðnir sem beint er til ESA geta í grundvallaratriðum tekið til allra efnahagslegra atriða, málsatvika eða lagalegra atriða varðandi ríkisaðstoð sem eru til umfjöllunar í tengslum við málarekstur fyrir landsdómstólum. Meðal annars geta landsdómstólar hugsanlega spurt ESA:
- (a) Hvort tiltekin ráðstöfun feli í sér þætti ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, og ef svo sé, beðið um leiðsögn um hvernig eigi að reikna aðstoðarfjárhæðina. Slíkar beiðnir geta varðað tiltekinn ríkisaðstoðarþátt skv. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins (nánar tiltekið, hugtakið fyrirtæki, hvort sértækur ávinningur sé til staðar, hvort rekja megi ráðstöfunina til EES EFTA-ríkisins sem um ræðir og hún sé veitt af

⁽¹⁵⁴⁾ Dómur Almenna dómstólsins frá 18. september 1996, *Postbank* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-353/94, EU:T:1996:119, 93. mgr.; úrskurður Evrópuðómstólsins frá 6. desember 1990, *Zwartveld o.fl.*, C-2/88 Imm., EU:C:1990:440, 10. og 11. mgr.

⁽¹⁵⁵⁾ Úrskurður Evrópuðómstólsins frá 6. desember 1990, *Zwartveld o.fl.*, C-2/88 Imm., EU:C:1990:440, 11. mgr.; dómur Evrópuðómstólsins frá 26. nóvember 2002, *First and Franex*, C-275/00, EU:C:2002:711, 49. mgr.; dómur Almenna dómstólsins frá 18. september 1996, *Postbank* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-353/94, EU:T:1996:119, 93. mgr.

⁽¹⁵⁶⁾ Getur þetta til dæmis átt við um tilteknar gerðir upplýsinga sem einstaklingur hefur lagt fram, eða þar sem dómstóll í einu EES-EFTA-ríki óskar eftir upplýsingum sem annað EES-EFTA-ríki hefur lagt fram.

⁽¹⁵⁷⁾ [...].

⁽¹⁵⁸⁾ Sjá undirkafla 5.1.2.

⁽¹⁵⁹⁾ Dómur Evrópuðómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 50. mgr.

fjármunum ríkisins, hvort um mögulega röskun á samkeppni sé að ræða og áhrif á viðskipti milli samningsaðila).

- (b) Hvort tiltekin aðstoðarráðstöfun uppfylli skilyrði fyrir hópundanþágu eða minniháttar-aðstoð, með þeim afleiðingum að fyrirframtilkynning til ESA sé ekki nauðsynleg og að biðstöðuskyldan sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 eigi ekki við.
 - (c) Hvort stök aðstoð falli undir aðstoðarkerfi sem tilkynnt hefur verið til ESA og lýst samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins með ákvörðun ESA, eða teljist að öðru leyti yfirstandandi aðstoð, og þar af leiðandi eigi biðstöðuskyldan skv. 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 ekki við.
 - (d) Hvort fyrir hendi séu undantekningaraðstæður⁽¹⁶⁰⁾, sem hafi þær afleiðingar að EES-rétti að landsdómstóll geti ekki gefið fyrirmæli um fulla endurheimtu.
 - (e) Hver séu lagaskilyrði skaðabótakrafna skv. EES-rétti og hvernig eigi að meta orðið tjón.
 - (f) Hvernig beri að reikna út fjárhæð aðstoðar sem er til endurheimtu og hvernig beri að reikna út endurheimtuvexti.
- (116) Landsdómstólar hafa ekki lögsögu til að leggja mat á hvort aðstoðarráðstöfun sé samrýmanleg á grundvelli 2. mgr. 61. gr., 3. mgr. 61. gr., 2. mgr. 59. gr. og 49. gr. EES-samningsins⁽¹⁶¹⁾. Því geta þeir ekki leitað eftir álit ESA á því hvort tiltekin aðstoðarráðstöfun sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Hins vegar geta landsdómstólar óskað eftir upplýsingum frá ESA um hvort eftirlitsstofnunin sé þegar með til athugunar hvort tiltekin aðstoðarráðstöfun sé samrýmanleg, líkt og útskýrt er í undirkafla 5.1.1.1.
- (117) ESA mun í álit sínu, í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum í 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, veita landsdómstólum upplýsingar um málsatvik eða skýringar á efnahagslegum eða lagalegum atriðum sem óskað er eftir. Álit ESA er ekki bindandi að lögum gagnvart landsdómstólum.
- (118) ESA mun gæta að málsmeðferðarreglum og venjum dómstólanna í álit sínu. ESA mun í þágu skilvirks samstarfs við landsdómstóla leitað við að veita landsdómstólum umbeðið álit innan fjögurra mánaða frá því að slík beiðni berst. Þurfi ESA að óska eftir frekari skýringum frá landsdómstóli varðandi framkomna beiðni, er unnt að framlengja fjögurra mánaða tímabilið.
- (119) Landsdómstólum ber að standa vörð um réttindi einstaklinga skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3, einnig á því tímabili þegar ESA undirbýr umbeðið álit. Eins og rakið er að framan⁽¹⁶²⁾ gildir skylda landsdómstólsins til þess að standa vörð um réttindi einstaklinga skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3, einnig að því er varðar bráðabirgðaráðstafanir, óháð því hvort álit ESA er væntanlegt.
- 5.1.1.3 Framlagning skriflegra athugasemda**
- (120) Samkvæmt meginreglunni um samstarf af heilindum (3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól), getur ESA liðsinnt landsdómstólum EES-EFTA-ríkjanna við beitingu ríkisaðstoðarreglna.
- (121) ESA getur lagt fram, í samræmi við landsrétt EES-EFTA-ríkjanna, skriflegar athugasemdir í tengslum við málsmeðferð fyrir landsdómstólum í þeim tilgangi að stuðla að samfelldri beitingu ríkisaðstoðarreglna EES-samningsins.

⁽¹⁶⁰⁾ Sjá hvað þetta varðar dóm Evrópudómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 68. til 71. mgr.

⁽¹⁶¹⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 4. mars 2020, *CSTP Azienda della Mobilità* gegn framkvæmdastjórninni, C-587/18 P, EU:C:2020:150, 90. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 19. júlí 2007, *Lucchini*, C-119/05, EU:C:2007:434, 50. til 52. mgr.

⁽¹⁶²⁾ Sbr. að framan, undirkafla 4.2.3.3

- (122) Er það ESA í sjálfsvald sett hvort eftirlitsstofnunin leggur fram skriflegar athugasemdir í samræmi við reglur landsréttar⁽¹⁶³⁾. Við mat á því hvort framlag ESA sé nauðsynlegt og viðeigandi getur eftirlitsstofnunin m.a. litið til þess:
- (a) hvort málið sé talið hafa þýðingu umfram þau tilteknu atvik sem eru í viðkomandi máli (til dæmis hvort það feli í sér spurningu varðandi ríkisaðstoð sem hefur almenna skírskotun),
 - (b) hvort athugasemdir ESA geti stuðlað að skilvirkni að því er varðar hlutverk viðkomandi landsdómstóla í tengslum við framfylgd ríkisaðstoðarreglna,
 - (c) hvort málið varði nýja spurningu um efnisatriði sem ekki hefur verið fjallað um í fyrri ákvörðunum ESA, auglýsingum eða leiðbeinandi reglum, eða
 - (d) hvort málið sé til meðferðar fyrir dómstóli og að niðurstöðu hans verði ekki áfrýjað frekar.
- (123) [...].
- (124) Svo ESA geti lagt fram þarflegar skriflegar athugasemdir kann eftirlitsstofnunin að bjóða viðkomandi landsdómstóli að afhenda skjöl sem hann hefur undir höndum sem eru nauðsynleg varðandi mat ESA á málinu. ESA mun einungis nota þessi skjöl í því skyni að undirbúa athugasemdir sínar.
- (125) ESA virðir sjálfstæði og starfsemi landsdómstóla að fullu. ESA leggur fram athugasemdir sínar í samræmi við réttarfarsreglur og venjur EES-EFTA-rikjanna, þ.m.t. þær sem vernda réttindi málsaðilanna.
- (126) [...].
- (127) Landsdómstólar geta beint öllum óskum um aðstoð skv. undirköflum 5.1.1.1, 5.1.1.2 og 5.1.1.3 í þessum leiðbeinandi reglum og öllum öðrum skriflegum spurningum (helst með tölvupósti) eða munnlegum spurningum sem varða stefnu á sviði ríkisaðstoðar og geta komið upp í daglegu starfi þeirra og notað eftirfarandi pósthfang:
- Eftirlitsstofnun EFTA
Skrifstofa samkeppnismála og ríkisaðstoðar
Avenue des Arts 19H
1000 Brussels
Belgía
- Sími: +32 2 286 18 11
Netfang: registry@eftasurv.int
- (128) [...] ⁽¹⁶⁴⁾.
- (129) [...].
- (130) Þegar álit eða skriflegar athugasemdir eru lagðar fram fer ESA fram á það við landsdómstólana að þeir heimili birtingu þeirra. Það gerir ESA mögulegt að birta á vefsetri sínu álit og skriflegar athugasemdir sem eftirlitsstofnunin hefur lagt fram, og dóma sem viðkomandi landsdómstólar hafa kveðið upp, þegar þeir eru tiltækir.

5.2. Aðstoð landsdómstóla við ESA

- (131) [...].
- (132) Ákvæði 3. gr. EES-samningsins, sem á sér fyrirmynd í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópu-sambandið, kveður á um að samningsaðilarnir skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að

⁽¹⁶³⁾ [...].

⁽¹⁶⁴⁾ [...].

tryggja að staðið sé við skuldbindingar sem leiðir af EES-samningnum og auðvelda samvinnu innan ramma samningsins. Samkvæmt meginreglunni um samstarf af heilindum sem felst í þessu ákvæði ber ESA og EES-EFTA-rikkjunum, þ.m.t. dómsyfírvöldum þeirra, í samræmi við lögsögu þeirra, að veita gagnkvæma aðstoð við framkvæmd þessara verkefna. Ákvæði 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól rennir frekari stoðum undir slíkt samstarf.

- (133) Til að tryggja skilvirka framfylgd ríkisaðstoðarreglna er landsdómstólum boðið að framsenda ESA án tafar afrit af öllum skriflegum dómum sem hafa verið kveðnir upp í kjölfar upplýsinga frá ESA, eða álits eða skriflegra athugasemda. Gerir það ESA kleift að öðlast vitneskju tímanlega um mál þar sem rétt gæti verið að leggja fram skriflegar athugasemdir, ef annar málsaðilanna áfrýjar dóminum. Þegar dómur er sendur gefa landsdómstólar ESA til kynna hvort þeir heimili birtingu dómsins á vefsetri ESA.
- (134) Í þágu aukinnar skilvirkni og samkvæmni við beitingu ríkisaðstoðarreglna hvetur ESA EES-EFTA-rikin til þess að setja upp samhæfingarvettvanga fyrir innlenda dómara sem fást við ríkisaðstoðarmál. Slíkir samhæfingarvettvangar ættu að samræmast stjórnskipulagi EES-EFTA-rikkjanna og virða sjálfstæði dómsvaldsins. ESA telur einnig að stofnun formlegs eða óformlegs tengslanets dómara sem fást við ríkisaðstoðarmál, annað hvort á landsvísu eða á evrópskum vettvangi, geti haft sérstaka þýðingu við miðlun þekkingar. Miðlægir samhæfingarvettvangar og tengslanet dómara geta gert innlendum dómurum kleift að deila bestu starfsvenjum á sviði ríkisaðstoðar og auðveldað ESA að miðla upplýsingum um nýjustu þróun stefnu á sviði ríkisaðstoðar, t.d. með námskeiðum og fréttabréfum [...].

6. AFLEIÐINGAR ÞESS AÐ RÍKISAÐSTOÐARREGLUM OG -ÁKVÖRDUNUM ER EKKI FRAMFYLGHT

- (135) Eins og fram kemur í undirköflum 4.2.1 og 4.2.2 þessara leiðbeinandi reglna getur komið til kasta landsdómstóla að beita í landsrétti þeirra ákvæðum 1. mgr. 61. gr. og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3, eins og þau hafa verið tekin upp í landsrétt. Ef landsdómstólar veita nýja aðstoð með úrskurðum sínum, í andstöðu við biðstöðuskulduna, getur ESA hafið formlega rannsókn skv. 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 til þess að leggja mat á það hvort hin ólögmæta ríkisaðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Ef landsdómstólar láta hjá líða að framfylgja þeim skyldum sem leiðir af ákvörðun ESA um endurheimtu aðstoðar eða EES-samningnum ⁽¹⁶⁵⁾ getur ESA einnig hafið samningsbrotamál gegn viðkomandi EES-EFTA-ríki.
- (136) Landsdómstólar eru stofnanir EES-EFTA-rikkjanna og er leitað til þeirra um að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja á ákvarðanir um endurheimtu komi til framkvæmda með skilvirkum hætti. Fjallað er um afleiðingar þess að EES-EFTA-ríki framfylgir ekki ákvörðunum ESA um endurheimtu í auglýsingunni um endurheimtu ⁽¹⁶⁶⁾.
- (137) Landsdómstólar verða einnig að vernda réttindi einstaklinga sem standa frammi fyrir mögulegu broti á biðstöðuskuldunni ⁽¹⁶⁷⁾. Eins og fram kemur í undirkafla 6.2 í þessum leiðbeinandi reglum uppfylla EES-EFTA-ríki, þ.m.t. dómstólar þeirra, ekki skuldbindingar sínar samkvæmt EES-rétti ef þau láta hjá líða að standa vörð um þessi réttindi ⁽¹⁶⁸⁾.

⁽¹⁶⁵⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 11. september 2014, *framkvæmdastjórnin gegn Þýskalandi*, C-527/12, ECLI:EU:C:2014:2193, 56. mgr.

⁽¹⁶⁶⁾ [...]. ESA samþykkir leiðbeinandi reglur um túlkun og beitingu ríkisaðstoðarreglna, annað hvort með EES-EFTA-útgáfu af viðeigandi gerningi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða með vísan til slíks gernings. Evrópusambandið hefur samþykkt auglýsingu um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmæt og ósamrýmanleg innri markaðinum, Stjtið. ESB C 247, 23.7.2019, bls. 1, sem kom í stað auglýsingar um endurheimtu frá 2007, Stjtið. ESB C 272, 15.11.2007, bls. 4. Auglýsingin um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmæt og ósamrýmanleg innri markaðinum er að vissu marki byggð á reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9, „málsmeðferðarreglugerðinni“, sem hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Af þeirri ástæðu hefur ESA ekki verið kleift að samþykkja greinargóða EES-EFTA-útgáfu af auglýsingunni um endurheimtu og ólögmæta ríkisaðstoð og ríkisaðstoð sem samrýmist ekki framkvæmd samningsins og vísar því til núgildandi auglýsingar um endurheimtu frá 2008 sem er að finna [hér](#), Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32.

⁽¹⁶⁷⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 5. október 2006, *Transalpine Ölleitung in Österreich*, C-368/04, EU:C:2006:644, 38. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 21. nóvember 2013, *Deutsche Lufthansa*, C-284/12, EU:C:2013:755, 28. mgr.

⁽¹⁶⁸⁾ Dómur Evrópudómstólsins frá 23. janúar 2019, *Fallimento Traghetti del Mediterraneo*, C-387/17, EU:C:2019:51, 66. mgr.; dómur Evrópudómstólsins frá 5. mars 2019, *Eesti Pagar*, C-349/17, EU:C:2019:172, 110. mgr.

6.1. Málsmeðferð fyrir ESA varðandi ólögsmæta aðstoð

- (138) Landsdómstólar geta brotið með beinum hætti gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 með því að veita nýja aðstoð í tengslum við málarekstur frammi fyrir þeim. Getur það gerst ef landsdómstóll kveður upp dóm sem hefur áhrif á veitingu ríkisaðstoðar. Dæmi um það væri ef túlkun á samningi eða ákvörðun um veitingu aðstoðar hefur þau áhrif að framlengja upphaflegan gildistíma aðstoðarráðstöfunar ⁽¹⁶⁹⁾.
- (139) Af því leiðir að landsdómstólar verða að hlíta 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 og tryggja samkvæmt því að allar ákvarðanir þeirra sem leiða til breytinga á eða framlengingar á veitingu ríkisaðstoðar, t.d. með túlkun ⁽¹⁷⁰⁾, sé tilkynnt áður en hún kemur til framkvæmda, í samræmi við gildandi stjórnsýslureglur í EES-EFTA-ríkinu.
- (140) Ef landsdómstóll tryggir ekki að biðstöðuskyldunni sé fullnægt og ný aðstoð er ekki tilkynnt, með fyrirvara um athugun af hálfu ESA, getur eftirlitsstofnunin hafið rannsókn sem varðar hina ólögsmætu ríkisaðstoð að eigin frumkvæði, eða eftir að hafa borist kvörtun frá hagsmunaaðila skv. 20. gr. II. hluta bókunar 3.

6.2. Samningsbrotamál

- (141) Skv. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól getur ESA hafið samningsbrotamál ef eftirlitsstofnunin telur að EES-EFTA-ríki hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Markmið málsmeðferðarinnar er að binda enda á brotið. ESA getur vísað málinu til EFTA-dómstólsins að loknu undirbúningsstigi áður en að málarekstri kemur þar sem eftirlitsstofnunin leggur fram rökstutt álit eftir formleg skoðanaskipti við viðkomandi EES-EFTA-ríki ⁽¹⁷¹⁾.
- (142) Ef landsdómstólar leysa ekki úr afleiðingum brots gegn 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 á viðeigandi hátt eru þeir brotlegir við skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum. Dæmi um það er ef landsdómstólar koma ekki í veg fyrir að ólögsmæt ráðstöfun sé framkvæmd eða gefa ekki fyrirmæli um endurheimtu hennar ⁽¹⁷²⁾.
- (143) Láti landsdómstólar hjá liða að standa vörð um réttindi einstaklinga í trássi við skyldur dómstólanna sem leiðir af 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 getur það einnig leitt til skaðabótaskyldu EES-EFTA-ríkisins. Evrópuðómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að EES-ríkin séu ábyrg fyrir tjóni sem leiðir af broti á reglum EES-réttar, þ.m.t. brot sem koma til í framhaldi af úrlausn landsdómstóls á æðsta dómstigi ⁽¹⁷³⁾.

7. LOKAÁKVÆÐI

- (144) Þessar leiðbeinandi reglur koma í stað núverandi leiðbeinandi reglna ESA um hlutverk landsdómstóla í tengslum við framfylgd löggjafar um ríkisaðstoð.
- (145) Þessar leiðbeinandi reglur hafa að markmiði að veita landsdómstólum leiðsögn þegar þeir beita ríkisaðstoðarreglum. Þær eru ekki bindandi gagnvart landsdómstólunum og hafa ekki áhrif á sjálfstæði þeirra.
- (146) ESA getur endurskoðað þessar leiðbeinandi reglur þegar eftirlitsstofnunin telur það eiga við, m.a. á grundvelli breytinga á gildandi EES-reglum eða framtíðarþróunar í dómaframkvæmd.

⁽¹⁶⁹⁾ Ekki hefur þýðingu hvort dómari landsdómstóls kveður upp dóm í tengslum við málsmeðferð vegna bráða-birgðaráðstöfunar eða efnislega meðferð, þar sem dómur getur í báðum tilvikum verið til þess fallinn að hafa áhrif á aðstoðarráðstöfunina, þó að það sé mögulega aðeins tímabundið.

⁽¹⁷⁰⁾ Dómur Evrópuðómstólsins frá 26. október 2016, *DEI og framkvæmdastjórnin gegn Alouminion tis Ellados*, C-590/14 P, EU:C:2016:797, 107. og 108. mgr.

⁽¹⁷¹⁾ Ef ESA telur að EES-EFTA-ríki hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt dómsúrskurði í samræmi við 2. mgr. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, getur hún vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

⁽¹⁷²⁾ Dómur Evrópuðómstólsins frá 21. nóvember 1991, *Fédération nationale du commerce extérieur des produits alimentaires o.fl. gegn Frakklandi*, C-354/90, EU:C:1991:440, 12. mgr.; dómur Evrópuðómstólsins frá 11. júlí 1996, *SFEI o.fl.*, C-39/94, EU:C:1996:285, 70. mgr.

⁽¹⁷³⁾ Dómur Evrópuðómstólsins frá 30. september 2003, *Köbler*, C-224/01, EU:C:2003:513, 50. mgr.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/32/06

(mál M.11476 – NIPPON STEEL/UNITED STATES STEEL)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. apríl 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Nippon Steel Corporation („Nippon Steel“, Japan)
- United States Steel Corporation („U.S. Steel“, Bandaríkjunum)

Nippon Steel nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir U.S. Steel í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Nippon Steel starfar einkum við framleiðslu og afhendingu og sölu um allan heim á margs konar stálvörum, s.s. stálplötum og þynnum, stálteinum og prófilum, stálstöngum, pípum og rörum, auk vara úr ryðfríu stáli og titáni.
- U.S. Steel starfar einkum við framleiðslu og sölu um allan heim á stálvörum, auk hráefna.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11476 – NIPPON STEEL/UNITED STATES STEEL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/32/07

(mál M.11478 – GUNVOR/EVE/BBE)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. apríl 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- GUNVOR Group Ltd („GUNVOR“, Kýpur)
- ENTE VASCO DE LA ENERGÍA („EVE“, Spáni), sem lýtur yfirráðum stjórnvalda sjálfstjórnarhéraðsins í Baskalandi (Spáni)
- BAHÍA DE BIZKAIA ELECTRICIDAD S.L. („BBE“, Spáni)

GUNVOR og EVE öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir BBE.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- GUNVOR er sjálfstæður miðlari sem stundar viðskipti með hrávöru. Fyrirtækið stundar viðskipti um allan heim með verslun, flutning, geymslu og kjörnýtingu á hráolíu, hreinsuðum jarðolíuvörum, orku (fljótandi jarðgasi (LNG)/jarðgasi/afli) og efni í lausri vigt. Það á einnig iðnaðarinnviði eins og olíuhreinsunarstöðvar, olíuahendingar- og olíugeymslustöðvar, leiðslur, lífelsesneytisver og -skip sem bæta dagleg viðskipti fyrirtækisins.
- EVE er opinber orkustofnun stjórnvalda í Baskalandi. EVE annast skipulagningu, samhæfingu og eftirlit með starfsemi hins opinbera í Baskalandi, einkum á sviði orku og á samverkandi sviðum s.s. á sviði vatns- og fjarskipta.
- BBE á samþætt raforkuver í Bilbao (Spáni). Meginstarfsemi BBE er framleiðsla og heildsöluafhending á raforku.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11478 – GUNVOR/EVE/BBE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11492 – BAYWA/NUFRI/NUBA BERRIES JV)

2024/EES/32/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. apríl 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- BAYWA GLOBAL PRODUCE GmbH („BayWa“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum BayWa AG
- NUFRI SOCIEDAD AGRARIA DE TRANSFORMACIÓN („Nufri“, Spáni), sem lýtur yfirráðum Argilés fjölskyldunnar

BayWa og Nufri ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu félagi („Nuba Berries JV“).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- BayWa: kaup, eignarhald, stjórnun og sala á fjárfestingum í öðrum fyrirtækjum um allan heim, einkum á sviði verslunar, markaðssetningar og flutninga fyrir ávexti og grænmeti, heildsala á ávöxtum og grænmeti og bygging og rekstur á loftslagsstýrðum gróðurhúsum.
- Nufri: framleiðsla á ferskum ávöxtum (einkum eplum, sítrusávöxtum og bláberjum), varðveisla, meðhöndlun og markaðssetning á ferskum ávöxtum og framleiðsla á ávaxtaþykki og safu úr ávaxtamauki og afurðum þeirra, einkum í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Nufri framleiðir einnig raforku.

3. Starfsemi nýstofnaða sameiginlega félagsins (Nuba Berries JV) er sem hér segir: framleiðsla, markaðssetning og sala á berjum.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11492 – BAYWA/NUFRI/NUBA BERRIES JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11508 – ARAMCO DIGITAL/LTIMINDTREE/JV)

2024/EES/32/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. apríl 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Global Digital Integrated Solutions Company („Aramco Digital“, Sáði-Arabíu), sem lýtur yfirráðum Saudi Arabian Oil Company („Saudi Aramco“, Sáði-Arabíu)
- LTIMindtree Limited („LTIMindtree“, Indlandi), sem lýtur yfirráðum Larsen & Toubro Limited (Indlandi)
- Nýstofnað fyrirtæki („Target JV“, hið sameiginlega félag sem er andlag viðskiptanna, Sáði-Arabíu)

Aramco Digital and LTIMindtree ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir hinu sameiginlega félagi sem er andlag viðskiptanna (Target JV).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Aramco Digital er stafrænt þjónustufyrirtæki sem byggir upp innviði fyrir snjallský og býður upp á þjónustu fyrir skýjalausnir, allt frá netöryggi og gervigreindarforritum til umfangsmikilla snjallverksmiðjulausna. Aramco Digital starfar við stafræna umbreytingu ýmissa iðnaðargreina í Sáði-Arabíu, s.s. á sviði orku, jarðolíu og framleiðslu.
- LTIMindtree annast fjölbreytta ráðgjöf á sviði upplýsingatækni og útvistunarþjónustu um allan heim.

3. Starfsemi hins nýstofnaða sameiginlega félags (Target JV) verður eftirfarandi: að markaðssetja og veita stýrða upplýsingatækniþjónustu, þróun forrita, kerfissamhæfingu og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni, einkum í Sáði-Arabíu, og á síðari stigum, á Mið austurlöndum og í Norður-Afríku.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11508 – ARAMCO DIGITAL/LTIMINDTREE/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/32/10

(mál M.11534 – STONEPEAK/ORSTED/OONA ENERGY)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. apríl 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Stonepeak Partners LP („Stonepeak“), Bandaríkjunum
- Orsted Onshore North America, LLC („OONA“, Bandaríkjunum), sem lýtur óbeinum yfirráðum Ørsted A/S („Ørsted“), Danmörku, og
- OONA Energy Partners 3, LLC („Target JV“, sameiginlega félagið sem er andlag viðskiptanna), Bandaríkjunum, sem er að fullu í eigu OONA

Stonepeak og Orsted ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hinu sameiginlega félagi sem er andlag viðskiptanna (Target JV).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Stonepeak er fjárfestingarfyrirtæki sem starfar á sviði sérhæfðra fjárfestinga um allan heim og sérhæfir sig í innviðum og fasteignum
 - Ørsted starfar á sviði endurnýjanlegrar orku
3. Starfsemi sameiginlega félagsins sem er andlag viðskiptanna (Target JV) er rekstur á fjórum vindorkuverum á landi í Bandaríkjunum.
4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 19.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11534 – STONEPEAK/ORSTED/OONA ENERGY

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.10783 – EQT FUTURE/AM FRESH/SNFL/IFG)

2024/EES/32/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. júní 2023 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32023M10783. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11233 – OMERS/ABP/KENTER)

2024/EES/32/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. desember 2023 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32023M11233. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11392 – GLENCORE/TECK (COAL ASSETS))

2024/EES/32/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. apríl 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11392. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11426 – PLATINUM EQUITY/KOHLER ENERGY)

2024/EES/32/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. apríl 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11426. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11443 – ADNOC/FERTIGLOBE)

2024/EES/32/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. apríl 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11443. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11446 – TÖNNIES HOLDING/CERTAIN VION BUSINESSES)

2024/EES/32/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. apríl 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11446. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11459 – CINVEN/BARENTZ)

2024/EES/32/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. febrúar 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11459. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
**(mál M.11465 – SILVER LAKE/AUSTRALIANSUPER/DIGITALBRIDGE/
VANTAGE EMEA)**

2024/EES/32/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. mars 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11465. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11466 – TA ASSOCIATES/SSCP/MACQUARIE/BYGGFAKTA GROUP)

2024/EES/32/19

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. mars 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11466. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11497 – CIP/MIESCOR/PHPL/PHC)

2024/EES/32/20

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. mars 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11497. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti
Evrópusambandsins****2024/EES/32/21****Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við**

Málsnúmer	Aðildarríki	Landssvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Upplýsingarnar birtust (birtingartilvísun í Stjtið. ESB)
SA.100322	Þýskaland		SA.100322 - COVID-19: Schadensausgleich DB Netz AG, DB Station&Service AG, DB Energie GmbH [BMDV]	C/2024/2511, 10.4.2024
SA.112636	Rúmenía	Romania	TCTF: Instituirea unei scheme de ajutor de stat pentru compensarea parțială a pierderilor suferite în anul 2023 în sectorul apicol, în contextul crizei provocate de agresiunea Rusiei împotriva Ucrainei	C/2024/2515, 10.4.2024
SA.104642	Niðurlönd	Netherlands	Wijzigingen van de subsidieregeling voor goederenvervoer per spoor in het kader van ERTMS	C/2024/2555, 11.4.2024
SA.104357	Frakkland		Plan d'Aide à la Modernisation et à l'Innovation (PAMI) de la flotte fluviale 2023 - 2027	C/2024/2556, 11.4.2024
SA.108102	Rúmenía		Amendment to SA.101723 supporting investment in high-efficient cogeneration plants using natural gas in district heating networks	C/2024/2557, 12.4.2024
SA.110328	Austurríki	Kärnten	Richtlinie für Unternehmenserhaltende Maßnahmen	C/2024/2564, 11.4.2024
SA.104106	Ítalía	Italy	Support for the development of a centralised electricity storage system in Italy	C/2024/2565, 11.4.2024
SA.109883	Þýskaland	Sachsen-Anhalt	Sachsen-Anhalt: Verhütungs- und Ausgleichsmaßnahmen bei Tierseuchen	C/2024/2646, 12.4.2024
SA.107837	Þýskaland	Germany	Bund: Richtlinie zur Förderung des Umbaus der Tierhaltung 2023-2033 - Laufende Mehrkosten	C/2024/2647, 12.4.2024

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: <https://ec.europa.eu/competition/elojade/isef/index.cfm>